



Kröfugreining fyrir ytri vef Veðurstofu Íslands

Unnin á haustmánuðum 2005

Samantekt: Helgi Borg og fleiri

Breytingasaga skjalsins

Dagur	Útg.	Lýsing
3.10.05	0.01	Fyrsta útgáfa
9.10.05	0.02	Meira efni í inngangskafli
17.10.05	0.03	Nýtt efni í köflunum: Inngangur, veður, ofanflóð og um Veðurstofu Íslands
31.10.05	0.04	Jarðskjálftar og eldgos bætast við
1.10.05	0.05	Hafís og óson, UV-geislun og mengun bætast við
9.11.05	0.06	Veðurathuganir bætast við.
15.11.05	0.07	Forsíða, sjóveður, veðurstöðvar og önnur veðurkort bætast við
21.11.05	0.08	Enskar síður og lófatölvusíður bætast við. Nokkrar breytingar á öðrum köflum eftir fundi með vefteymi.
29.11.05	0.09	Veðurfar og forgangur í útfærslu bætast við. Nokkrar breytingar á öðrum köflum eftir fund með vefteymi.
18.12.05	0.10	Flugveður, RSS og viðaukar bætast við. Nokkrar breytingar á öðrum köflum vegna ábendinga.
19.12.05	0.11	Smávægilegar breytingar vegna ábendinga.
10.01.06	0.12	Loftslagskafla bætist við

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	6
1.1.	Almennt um skjalið og tilgang þess.....	6
1.2.	Helstu hugtök.....	6
1.3.	Gerð skjalsins.....	7
1.4.	Skissur af skjámyndum.....	8
1.5.	Umfang kerfis.....	9
1.6.	Samþykki kröfugreiningar.....	9
2.	Almenn atriði.....	10
2.1.	Meginflokkar.....	10
2.2.	Viðmóts- og útlitskröfur.....	10
2.3.	Skrifað efni vefsins.....	13
2.4.	Ýmsar virkniskröfur.....	14
2.5.	Svartími og uppitími.....	14
2.6.	Rekstarkostnaður.....	14
2.7.	Hönnunatriði.....	15
3.	Forsíðan.....	16
3.1.	Helstu kröfur.....	16
3.2.	Skipulag forsíðunnar.....	17
3.3.	Flytleiðir.....	20
3.4.	Í síðari útgáfum.....	21
4.	Veður.....	22
4.1.	Helstu kröfur.....	22
4.2.	Vefflokkar.....	22
4.3.	Veðurspá.....	23
4.4.	Veðurathuganir.....	29
4.5.	Sjóveður.....	37
4.6.	Flugveður.....	39
4.7.	Veðurfar.....	43
4.8.	Stöðvar.....	44
4.9.	Veðrið erlendis.....	44
4.10.	Veðurvottorð.....	44
4.11.	Önnur veðurkort og töflur.....	45
4.12.	Skráningarform fyrir veðurfyrirbrigði.....	46
4.13.	Fróðleikur.....	46
4.14.	Tæknilegt.....	47
4.15.	Hönnunatriði.....	47
4.16.	Í síðari útgáfum.....	47
5.	Jarðskjálftar og eldgos.....	49
5.1.	Helstu kröfur.....	49
5.2.	Vefflokkar.....	49
5.3.	Jarðskjálftar.....	50
5.4.	Jarðskjálftalisti.....	53
5.5.	Yfirlit.....	53
5.6.	Sögulegir skjálftar.....	53
5.7.	Skjálftar um víða veröld.....	53
5.8.	Jarðskjálftagögn.....	53
5.9.	Eldgos.....	53
5.10.	Skjálftavefsjá.....	53
5.11.	Skráningarform fyrir jarðvá.....	53
5.12.	Óróamælingar.....	54
5.13.	Þenslumælingar.....	54
5.14.	GPS mælingar.....	54
5.15.	Sérstakt eftirlit.....	54
5.16.	Mælistöðvar.....	54
5.17.	Rannsóknarverkefni.....	55
5.18.	Aðrar stofnanir.....	56
5.19.	Fróðleikur.....	56
5.20.	Hönnunatriði.....	56

5.21.	Í síðari útgáfum.....	56
6.	Ofanflóð.....	57
6.1.	Helstu kröfur.....	57
6.2.	Vefflokkar.....	57
6.3.	Viðbúnaður og rýmingaráætlanir.....	57
6.4.	Hættumat.....	59
6.5.	Snjóflóðasaga.....	62
6.6.	Skráningarform fyrir snjóflóð.....	62
6.7.	Varnarvirki.....	63
6.8.	Lög og reglugerðir.....	63
6.9.	Fróðleikur.....	63
6.10.	Í síðari útgáfum.....	63
7.	Loftslag.....	64
7.1.	Helstu kröfur.....	64
7.2.	Vefflokkar.....	64
7.3.	Loflagsbreytingar fyrr og nú.....	64
7.4.	Hvað eru gróðurhúsaáhrif.....	64
7.5.	Afleiðingar aukinna gróðurhúsaáhrifa.....	64
7.6.	Efst á baugi.....	64
8.	Hafis.....	65
8.1.	Helstu kröfur.....	65
8.2.	Vefflokkar.....	65
8.3.	Ískort Landhelgisgæslunnar.....	65
8.4.	Skýrslur Landhelgisgæslunnar.....	65
8.5.	Ískort frá dönsku veðurstofunni.....	65
8.6.	Skipatilkynningar.....	65
8.7.	Hafistilkynningar.....	66
8.8.	Skráningarform fyrir hafis.....	66
8.9.	Mánaðaryfirlit.....	66
8.10.	Fróðleikur.....	66
8.11.	Í síðari útgáfum.....	66
9.	Óson, UV-geislun og mengun.....	67
9.1.	Helstu kröfur.....	67
9.2.	Vefflokkar.....	67
9.3.	Útfjólublá geislun (UV).....	67
9.4.	Óson.....	67
9.5.	Mengun.....	68
9.6.	Fróðleikur.....	68
9.7.	Í síðari útgáfum.....	68
10.	Um Veðurstofu Íslands.....	69
10.1.	Helstu kröfur.....	69
10.2.	Vefflokkar.....	69
10.3.	Fréttir.....	69
10.4.	Útgáfa.....	69
10.5.	Opnunartímar og staðsetning.....	70
10.6.	Hafa samband.....	70
10.7.	Starfsfólk.....	70
10.8.	Skipurit.....	71
10.9.	Laus störf.....	71
10.10.	Þjónusta.....	71
10.11.	Um vefinn.....	71
10.12.	Hlutverk, lög og reglugerðir.....	71
10.13.	Notkunarskilmálar.....	71
10.14.	Saga Veðurstofu Íslands.....	71
10.15.	Hönnunaratriði.....	71
10.16.	Í síðari útgáfum.....	72
11.	Lófatölvusíður.....	73
11.1.	Helstu kröfur.....	73
11.2.	Forsíða og vefflokkar.....	73
11.3.	Kröfur.....	73

11.4.	Í síðari útgáfum.....	75
12.	Á ensku.....	76
12.1.	Kröfur.....	76
12.2.	Forsíða og vefflokkar.....	76
12.3.	Í síðari útgáfum.....	77
13.	RSS veitur.....	78
14.	Forgangur í útfærslu.....	79
Viðauki 1.	Helstu niðurstöður viðhorfskönnunar.....	81
Viðauki 2.	Skýringar á veðurtáknum.....	86

1. Inngangur

Í þessu skjali er að finna kröfur um nýjan ytri vef Veðurstofu Íslands (VÍ). Kröfurnar eru niðurstaða greiningar sem var unnin í september og október 2005.

Markmið vefsins eru að:

1. Miðla hagnýtum upplýsingum um veðurspár, veðurathuganir, skjálftavirkni, snjóflóðahættu o.s.frv.
2. Kynna fjölþætta starfsemi VÍ fyrir almenningi.
3. Dreifa almennum fróðleik um flest það sem viðkemur starfsemi VÍ.

Mikil áhersla er á að vefurinn sé einfaldur og þjáll í notkun. Þetta á sér í lagi við um miðlun hagnýtra upplýsinga. Notendur verða að geta nálgast hagnýtar upplýsingar á vefnum, umhugsunarlaust á réttan hátt án leiðbeininga.

1.1. Almenn um skjalið og tilgang þess

Gert er ráð fyrir að starfsfólk VÍ geti lesið og skilið meginhluta skjalsins. Í skjalinu er því reynt eftir föngum að fjalla á almennan hátt um kröfur um vef VÍ. Þó verður að gera ráð fyrir að lesendur hafi reynslu og skilning á notkun vefja. Í næsta undirkafla eru útskýrð nokkur helstu hugtök sem notuð eru í skjalinu.

Ennfremur er gert ráð fyrir að sérfræðingar á sviði vefhönnunar og forritunar geti notað skjalið við hönnun og útfærslu vefsins. Sérhæfð hugtök og starfsferlar sem notað er innan VÍ er ekki útskýrt sérstaklega. Þegar að hönnun og útfærslu kemur er gert ráð fyrir að starfsfólk VÍ útskýri þau atriði sem vefsérfræðingar utan VÍ þurfa útskýringar við til að geta fylgt kröfunum.

Í kröfunum er fjallað um **hvað** ný útfærsla vefsins skuli innihalda, **ekki hvernig** útfærslan skuli nákvæmlega líta út. Ákvarðanir um það eru teknar í hönnunaráfanga sem tekur við af kröfugreiningunni.

Áður en kröfugreiningin hófst lá fyrir ákvörðun um að nota Eplica vefumsjónarkerfið. Kröfugreiningin er að langmestu leyti unnin óháð Eplica-kerfinu og heldur gildi sínu jafnvel þótt annað kerfi yrði notað undir vefinn. Á einstaka stað er þó tekið mið af möguleikum Eplica-kerfisins þar sem vefurinn verður útfærður í því kerfi. Til einföldunar eru mörg sömu hugtökin notuð í skjalinu og notuð eru í Eplica-kerfinu.

1.2. Helstu hugtök

Til að auðvelda starfsfólki VÍ að lesa þetta skjal er hér stutt samantekt á helstu hugtökum sem notuð eru.

Vefflokkur er flokkur af vefsíðum sem fjalla um sama efni. Í hverjum vefflokki geta verið ein eða fleiri vefsíður. Vefflokkum er raðað saman í **veftré** til að mynda heildarskipulag vefsins. Í rót veftrésins er forsíða vefsins. Undir rótinni eru **meginflokkar** vefsins og undir þeim **undirflokkar**, oft í mörgum þrepum. Algengt er að dýpt veftrjáa sé 2-4 þrep. Þá er forsíðan ekki talin með.

Vefflokkarnir eru sýndir í **valmynd** vefsins. Valmyndinni er oft skipt upp í **aðalvalmynd** og **undirvalmynd**. Meginflokkarnir eru sýndir í aðalvalmynd og undirflokkar í undirvalmynd. Aðalvalmyndin birtist nær undantekningarlaust á öllum síðum vefsins, en hver undirvalmynd gjarnan bara í viðkomandi vefflokkum.

Valmyndin er mikilvægasti hluti af **leiðakerfi** hvers vefs. Aðrir mikilvægir hlutar leiðakerfisins eru **millivísanir**, **flýtleiðir** og **brauðmolaslóð**. Millivísanir eru vísanir úr efni einnar síðu yfir í aðrar. Oft er millivísunum fyrir tengt efni safnað saman á einn vísan

stað á hverri síðu. Flýtleiðir eru stundum settar á forsíðu stórra vefja. Þær vísa beint í vinsælt eða mikilvægt efni sem notendur þurfa annars að finna sjálfir með því að vafra um vefflokkana. Brauðmolaslóðin vísar leiðina frá forsíðunni niður að þeirri síðu sem er opin. Vel hannað leiðakerfi er forsenda þess að meginþorri notenda geti notað viðkomandi vef. Það er því einn mikilvægasti hluti hvers vefs.

Stýrieiningar eru hverskyns hnappar, flettivalmyndir, flipar, innsláttarsvið og annað til að slá inn upplýsingar eða velja um aðgerðir. Við tölum um stýrieiningar í kröfugreiningarfasanum því oft er hægt að nota ýmiskonar stýrieiningar í hverju tilfalli. Ákvörðun um hverskonar stýrieining verður notuð er tekin í hönnunaráfanga.

Notendum er stundum skipt upp í tvo hópa: **Almenna notendur** sem er lang-stærsti hluti notenda og **lengra komna notendur** sem er miklu minni hópur. Lengra komnir notendur eru sérfræðingar á viðkomandi sviði eða tölvuhagir grúskarar. Almenn séð er gert ráð fyrir að síður séu notaðar af báðum hópum. Sumar síður eru þó einungis ætlaðar lengra komnum notendum og því er talið ásættanlegt að þær séu flóknari og hrárrí en almennt gerist.

Það þarf að vera sem auðveldast að nota vefi, ekki síst vefi sem notendur nota daglega og eru mikilvægir frá öryggissjónarmiðum. Við tölum um **nytsemi vefsins** í þessu sambandi. Besta leiðin til að kanna hvort nytsemi mikilvægra síða sé nægjanlegt, þ.e.a.s. að vita hvort almennir notendur ráði við mikilvægar síður er að framkvæma **notendaprófanir**. Í notendaprófunum fá notendur ákveðin verkefni á vefnum sem þeir þurfa að leysa. Á meðan er fylgst með þeim og þeir beðnir um að segja frá hverju þeir eru að velta fyrir sér þegar þeir nota vefinn. Ef eitthvað er of flókið eða illa útfært þá kemur það í ljós í notendaprófunum.

Vefumsjónarkerfi eins og Eplica eru hentug þegar setja þarf **venjulegan veftexta og myndir** inn á vefsíður. Þessi kerfi innihalda ýmis tól og tæki til aðstoða við að koma texta og myndum haganlega fyrir á síðunum. Á sumum vefum eru **dýnamísk gögn** einnig birt. Dýnamísk gögn eru hverskonar gögn sem uppfærast sjálfkrafa á vefnum þegar þau uppfærast í gagnagrunnum eða öðrum gagnaveitum. Dýnamísk gögn geta verið textagögn eða myndir. Stundum eru þetta einhverskonar rauntímagögn. Sum vefumsjónarkerfi gera ráð fyrir einföldum dýnamískum gögnum, en oftar en ekki þarf að útfæra sérstakar einingar til að birta gögnin. Vefur VÍ inniheldur mikið af dýnamískum gögnum sem birta þarf á grafískan hátt. Hann telst því vera flókninn frá sjónarhóli vefhönnuða.

1.3. Gerð skjalsins

Kröfugreiningin byggist á eftirfarandi:

- Niðurstöðum viðhorfskönnunar sem haldin var í ágúst síðastliðnum á vedur.is. Samtals 1183 notendur luku könnuninni. Þar af skrifuðu fjölmargir greinargóðar ábendingar sem hafa nýst vel við greininguna.
- Niðurstöðum hugmyndafunda með starfsmönnum úr öllum deildum VÍ. Margar nýtsamlegar tillögur komu fram á fundunum.
- Fundargerðum og skýrslum vinnuhópa sem settir voru saman til að vinna að ákveðnum efnisatriðum.
- Samantektum sem meðlimir verkefnishópsins tóku saman.
- Fundargerðum eftir fundi með nokkrum sérfræðingum VÍ um afmörkuð mál.

Skjöl sem kröfugreiningin byggist á er að finna á verkefnisvefnum sem er á innri vef VÍ: <http://grjot.vedur.is/wiki/index.php/Verkefni/Vefur>

Í upphafi hvers kafla er stuttlega fjallað um helstu atriðin sem leiddu til niðurstöðu kröfugreiningarinnar. Þar fyrir utan er rökstuðningi yfirleitt ekki blandað saman við

greininguna til að halda textanum stuttum og auðlesnum. Þetta er mikilvægt til að starfsfólk VÍ eigi sem auðveldast með að rýna hann á kröfugreiningarferlinu og að sem auðveldast sé að vinna eftir honum við hönnun og útfærslu vefsins.

Eftirfarandi tákni eru notuð víðsvegar í skjalinu:

- Þetta er bein krafa. Notaður er framsöguháttur með afdráttarlausu og einföldu orðalagi. Dæmi: Dagsetning umsóknar er skráð með umsókn þegar hún er vistuð
- Þetta er vefflokkur.

1.3.1. Þau sem komu að gerð skjalsins

Að undanskildum kafla 7 og viðaukum skrifaði Helgi Borg þetta skjal. Helgi er verkefnastjóri þess verkefnis sem þetta skjal er hluti af.

Í upphafi verkefnisins var skipaður hópur sem hefur á margan hátt aðstoðað við gerð skjalsins og annast ýmsan annan undirbúning vegna væntanlegs vefs. Í verkefnishópnum eru: Elín Björk Jónasdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Hjörleifur Sveinbjörnsson, Hörður Þór Sigurðsson og Sigbrúður Ármannsdóttir.

Hjá VÍ er starfandi vefteymi sem er skipað af framkvæmdastjórn. Hlutverk vefteymisins er að hafa yfirumsjón með ytri- og innri vefjum VÍ. Vefteymið rýndi skjalið ítarlega og fór yfir alla kafla þess með verkefnisstjóra. Í vefteyminu eru Einar Sveinbjörnsson, Gunnar B. Guðmundsson og Sigrún Karlsdóttir. Ásamt þeim rýndu skjalið og sátu fundina, Halldór Björnsson og Þórður Arason.

Aðrir starfsmenn VÍ sem rýndu skjalið og komu með nytsamlegar ábendingar eru: Baldur Ragnarsson og Kristján Guðni Bjarnason.

Einnig rýndi skjalið Stefán Baxter, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar.

1.4. Skissur af skjámyndum

Í skjalinu er að finna margar skissur af skjámyndum. Þær ber að líta á sem skýringarmyndir en ekki endanlega hönnun á uppröðun efnisatriða. Raunar skal í hönnunaráfanga hanna skjámyndirnar betur svo að kröfurnar verði sem best uppfylltar.

Skissurnar eru á formi blýantsteikninga til að undirstrika að ekki er um endanlegar skjámyndir að ræða.

Á Mynd 1-1 sjást helstu tákni sem notuð eru í skissunum. Rétt er að ítreka að val stýrieininga á skissunum ber að líta á sem fyrstu tillögu en ekki endanlegt val. Sem dæmi er allt eins líklegt að fellivalmynd á einhverri skjámyndinni verði í hönnun skipt út með hnöppum, hefðbundnum vísunum, flipum eða öðru.



Mynd 1-1 Helstu tákn sem notuð eru í skissum af skjámyndum.

1.5. Umfang kerfis

Um er að ræða hefðbundinn ytri vef Veðurstofunnar, vedur.is, sem notaður er af öllum almenningi. Hér er ekki fjallað um lokaða vefi sem notaðir eru af starfsfólki VÍ eða tengdum stofnunum, bæði innanhúss og utan VÍ.

1.6. Samþykki kröfugreiningar

Þessi kröfugreining er hluti af verkefni sem skilgreint var í Prince2 verkefnisstjórnunarkerfinu (sjá prince2-skjölín á verkefnavefnum). Þar kemur fram að ekki verði lagt í næsta áfanga fyrr en sá fyrri hafi verið formlega samþykktur af framkvæmdastjórn VÍ.

Samþykkt:

Reykjavík 10.01.2006

Magnús Jónsson veðurstofustjóri

2. Almenn atriði

Í þessum kafla er fjallað um kröfur sem eiga við á öllum vefnum fyrir utan lófatölvusíðurnar. Kröfur á lófatölvusíðurnar eru í kafla 11.

2.1. Meginflokkar

Eftirfarandi eru meginvefflokkar vefsins. Fjallað er um hvern vefflokk fyrir sig í sérstökum kafla.

- Veður
- Jarðskjálftar og eldgos
- Ofanflóð
- Loftslag
- Hafís
- Óson, UV-geislun og mengun
- Um Veðurstofu Íslands

Vefflokkum vefsins er raðað í veftréd í rökréttri röð eftir mikilvægi, notkun og hefðum í vefhönnun. Markmiðið er að notendur geti fundið efnisatriði sem þeir leita að án umhugsunar og án þess að þekkja innri uppbyggingu VÍ.

2.2. Viðmóts- og útlitskröfur

- ❑ Viðmót og grunnútlit vefsins fylgir algjörlega þeim hefðum sem skapast hafa um vefviðmót undanfarin ár. Hann telst þannig vera mjög „klassískur“ vefur.
- ❑ Grafík sem notuð er til skrauts á vefnum er haldið í lágmarki til að gera vefinn sem léttastan.
- ❑ Helstu síður vefsins birtast og virka rétt á a.m.k. 90% af þeim vöfrum sem notendur á Íslandi nota samkvæmt talningu Modernus þegar þessi greining er samþykkt. Ástæðan fyrir því að krafan er ekki strangari er sú að notendur eldri vafra geta notað lófatölvusíðurnar til að nálgast allar mikilvægustu upplýsingar frá VÍ.
- ❑ Breidd vefsins er að hámarki 950px. Öll breidd hans sést því örugglega á skjám með 1024x768px upplausn eða meiri. Samkvæmt upplýsingum frá Modernus eru innan við 5% notenda með minni skjáupplausn en 1024x768px. Það er í þágu nytsemis vefsins að geta birt breið kort eða línurit og jafnframt haft texta eða valmyndir til hliðar við þau. Notendur sem hafa minni skjáupplausn geta notað lófatölvusíðurnar til að nálgast allar mikilvægustu upplýsingar frá VÍ.
- ❑ Á öllum undirsíðum vefsins er að finna brauðmolaslóð.
- ❑ Í haus vefsins er eftirfarandi að finna:
 - Merki Veðurstofu Íslands.
 - Leitarform fyrir vefinn.
 - Hnapp eða vísun á veftré vefsins.
 - Vísun á enskar síður vefsins af íslenskum síðum, og öfugt.
 - Á öllum undirsíðum birtist listi af þeim viðvörunum sem eru í gangi á hverjum tíma. Í listanum er titill viðvörunarinnar sem vísar í hana á forsíðu.
- ❑ Í fæti vefsins er eftirfarandi að finna:
 - Símanúmer og heimilisfang VÍ
 - Vísun í „Hafa samband“ síðuna.

- Vísun í síðu um notkunarskilmála vefsins
- Enskur hluti vefsins hefur sérstakt veftré með sínum eigin megin-vefflokkum. Sjá nánar í kafla 12.

2.2.1. Millivísanir

- Á vefsíðum er hægt að nota eftirtalda ramma fyrir millivísanir. Þeir birtast alltaf á svipuðum stað, í sömu röð og hafa sama útlit á öllum vefnum.
 - **Fróðleikur.** Þarna eru settir stuttir titlar sem vísa á fróðleik tengdan viðkomandi síðu eða frekari leiðbeiningar um notkun síðunnar. Dæmi: „Hvernig á að nota veðurspárit?” og „Hvað er SIL kerfið?”
 - **Tengt efni.** Þarna eru settar vísanir í efni sem er tengt viðkomandi síðu. Þetta geta verið millivísanir í vedur.is eða vísanir í undirsíður annarra vefja. Dæmi um millivísun frá hafssíðu: „Sjóveðurspá”.

2.2.2. Dags-, viku-, mánaðar- og árslistar


- Á þeim síðum þar sem hægt er að skoða fréttir eða hverskonar dags-, viku-, mánaðar- eða ársyfirlit er hægt að velja tímabilið úr lista.
- Hægt er að sjá í listanum hvort viðkomandi tímabil inniheldur einhver gögn. Þannig þarf til dæmis ekki að styðja á hvern dag til að finna fréttir.
- Þessir listar hafa keimlíkt útlit á öllum vefnum.

2.2.3. Útlit og virkni kortasíðna

- Flestar síður sem innihalda kort, veðurkort, jarðskjálftakort o.s.frv. hafa samræmt heildarútlit og keimlíka virkni í aðalatriðum. Þetta á sér í lagi við aðal-kortasíður vefsins. Mynd 2-1 sýnir atriði sem eru eins á þessum kortasíðum.
 1. Sami hausinn og er á öllum síðum vefsins að undanskilinni forsíðunni.
 2. Sama meginval á öllum vefnum.
 3. Sama uppstilling á undirflokkum og á öllum síðum vefsins að undanskilinni forsíðunni.
 4. Á ákveðnum stað við hlið kortsins er hægt að finna leiðbeiningar um hvað gerist ef stutt er á það.
 5. Ef við á er fyrir ofan kortið hægt að velja annars konar kort um sama efni. Þetta eru augljósar vísanir í formi flipa, hnappa eða fellivalmynda í kort sem henta öllum notendum. Þarna fyrir ofan kortið eru einnig hægt að nota textavísanir í önnur kort um svipað efni.
 6. Kortin hafa keimlíkt heildarútlit. Á þeim er lítið merki VÍ í einhverju horninu.
 7. Þegar bendillinn er færður yfir kortið sýnir hann hvar hægt er að styðja, þ.e. virk svæði. Við hlið bendilsins birtist þá gjarnan einfaldur texti sem segir hvað er að finna á viðkomandi stað kortsins. Ætlast er til að notendur styðji á kortið til að birta frekari upplýsingar. Þannig birtast *ekki* myndir, línurit, texti eða annað við hlið kortsins þótt bendillinn sé færð yfir það.
 8. Sleði eða röð hnappa er notað til að skipta um tíma í þeim tilfellum sem hægt er að skoða kortið fyrir fleiri en einn tíma eða tímabil. Það er

sérstaklega brýnt að gera viðmótsprófanir á notkun sleðanna áður en vefurinn fer í loftið þar sem þetta er ekki hefðbundin stýrieining.

9. Mörg kortanna taka með sér stýrieiningar. Þessar stýrieiningar birtast fyrir neðan kortin. Ætíð er hægt að birta frekari upplýsingar með því að nota stýrieiningarnar í stað þess að þurfa að styðja á kortið. Stýrieiningarnar eru helst notaðar til að:
 - Breyta eða birta nýjar upplýsingar á kortinu sjálfu.
 - Breyta eða birta nýjar upplýsingar fyrir neðan kortið.
 - Velja undirsíðu með frekari upplýsingum um eitthvað.
10. Þegar stutt er á virka punkta eða svæði kortsins birtast gjarnan viðbótarupplýsingar fyrir neðan kortið.
11. Þegar kortasíðan er opnuð fylgja því gjarnan ákveðnar upplýsingar í formi texta eða annars. Þessar upplýsingar færast niður þegar viðbótarupplýsingar eru birtar með því að styðja á kortið.



Mynd 2-1 Samræmt útlit er á síðum sem innihalda kort.

2.3. Skrifað efni vefsins

- Á öllum síðum vefsins, sem ætla má að stór hópur almennings noti, er þess vel gætt að allur texti sé skrifaður á hnitmiðaðri og auðskiljanlegri íslensku.

Leiðbeiningum um hvernig skrifa á fyrir vefinn er fylgt markvisst á þessum síðum.

- ❑ Sem minnstur útskýringartexti er hafður á síðum sem notendur nota reglulega, t.d. veðurspám, veðurathugunum, jarðskjálftakorti o.s.frv. Þess í stað eru millivísanir notaðar yfir í útskýringarnar (sjá kafla 2.2.1) og titlar þeirra vandaðir sérstaklega.
- ❑ Fyrir utan nafn og meginmál kemur eftirfarandi fram í almennum greinum á vefnum:
 - Nafn höfundar
 - Dagsetning
 - Dagsetning síðustu uppfærslu

2.4. Ýmsar virknikröfur

Mikilvægt er að sem flestar gömlu vefslóðirnar séu sjálfvirkir endursendar á rétta slóð á nýja vefnum.

- ❑ Að minnsta kosti þær slóðir núverandi vefs sem hafa 1% eða meira af heildarsíðuflettingum síðasta árs endursendast sjálfkrafa á rétta slóð á nýja vefnum.

2.5. Svartími og uppitími

Mikilvægt er að svartími vefsins sé áfram góður. Eftirfarandi svartímakröfur eru settar fram. Þær miðast við staðarnet VÍ. (Hér er gert ráð fyrir að vefurinn verði hýstur hjá VÍ).

- ❑ Forsíðan < 0,5 sek.
- ❑ Allar helstu síður < 1 sek
- ❑ Síður sem sjaldan eru skoðaðar < 3 sek
- ❑ Síður þar sem notendur geta gert flóknar fyrirspurnir til að sækja gögn eða búa til kort, o.þ.h. < 10 sek

Vefur VÍ er mikilvægt öryggistæki fyrir allan almenning. Hann má því ekki fara niður nema örstutta stund í senn.

- ❑ Uppitími vefsins þarf að vera 99,999%. Í upplýsingatæknigeiranum er talað um þetta sem „níurnar fimm“. Þetta þýðir að vefurinn má í mesta lagi vera niðri rúmlega 5 mín. á ári.

Þessi uppitímakrafa þýðir í raun að vefurinn þarf að vera hýstur á tveim eða fleiri vefþjónum (en: clustered setup) svo hægt sé að uppfæra hvern þjón án þess taka niður vefinn. Þótt slík uppsetning sé dýrari í upphafi þá getur hún verið ódýrari til lengdar þar sem hægt er að bíða í svolítinn tíma ef einn vefþjónn bilar, t.d. fram á næsta vinnudag.

2.6. Rekstarkostnaður

Það má búast við því að rekstarkostnaður vegna ytri vefs hækki umtalsvert við innleiðingu á nýjum vef enda er rekstarkostnaður við núverandi vef óverulegur. Helstu ástæður sem valda auknum kostnaði eru:

- Gera má ráð fyrir að bandbreiddin sem vefurinn krefst muni aukast verulega.
- Innleiðing á Eplica krefst flóknari tæknilegrar uppsetningar og meiri vélbúnaðar.

2.7. Hönnunatriði

- Vefslóðirnar munu að öllum líkindum breytast frá því sem nú er. Í hönnunaráfanganum verða slóðirnar fyrir alla vefflokkka vefsins ákveðnar.
- Millivísanir fyrir síður vefsins verða unnar í síðari áföngum vefsins.
- Fróðleikssíður vefsins verða sömuleiðis unnar í síðari áföngum vefsins.

3. Forsíðan

3.1. Helstu kröfur

Í viðhorfskönnuninni og á hugmyndafundunum kom fram brýn þörf á því að bæta og samræma leiðarkerfi vefsins. Frá forsíðunni þurfa notendur að eiga auðvelt með finna rétta leið að því efni sem þeir leita að.

Skýr vilji var einnig fyrir því að hafa myndrænt viðmót á gögnum Veðurstofunnar þá helst veðurspár og veðurathuganir. Á vefnum eru mikið af gögnum sem hentar vel að miðla á kortum, línuritum og myndum.

Vedur.is er umfangsmikill vefur. Þarna eru margskonar gögn sem stór hópur notenda notar. Notkunarmynstrið er árstíðabundið en sveiflast einnig mikið eftir aðstæðum hverju sinni. Mikið er af gögnum sem notendur sækja daglega eða oft á dag, allan ársins hring, ákveðna mánuði eða við ákveðnar aðstæður. Nokkrir stærstu slíkir póstar eru veðurspár og athuganir fyrir alla landshluta, sjóveðurspá, flugveðurspá, nýir jarðskjálftar, hafis-aðstæður og snjóflóðahætta.

Upplýsingavefir sem margir notendur sækja oft á viku hafa gjarnan efnismikla forsíðu þar sem nýjum upplýsingum er miðlað. Þetta er í þágu nytseminnar. Það er þægilegt fyrir notendur sem heimsækja vefinn oft á viku að geta fundið helstu upplýsingar strax á forsíðunni í stað þess að þurfa að sækja þær á mörgum undirsíðum.

Núverandi vefur er léttur og hraður. Allnokkrir létu ánægju sína í ljósi með þetta í viðhorfskönnuninni. Þetta hentar þeim vel sem búa við hæggar tengingar, t.d. út til sveita. Einnig þeim sem nota vefinn í gegnum gprs og aðrar slíkar tengingar. Notkun á vedur.is í gegnum slíkar tengingar, bæði á fartölvum og ýmsum gerðum lófátölva, mun tvímæla-laust aukast á komandi misserum. Hérna rekast því á hagsmunir. Það er ekki hægt að setja upp forsíðu sem er létt og á sama tíma efnismikil og með myndrænt viðmót.

Vedur.is gegnir mikilvægu öryggishlutverki. Upp geta komið tilfelli þar sem raunveruleg hætta er á slysum á fólki og eignaskaða ef notendum yfirsést eða þeir mistúlka upplýsingar á vefnum.

Lagt er upp með þessar meginkröfur.

- Ekki er reynt að samræma kröfur um að vefurinn sé léttur og á sama tíma með myndrænt viðmót. Vefnum er þess í stað skipt í tvo meginhluta sem hver um sig hefur sína eigin forsíðu. Annars vegar myndrænan og efnismikinn vefhluta með forsíðu á slóðunum www.vedur.is og vedur.is. Hins vegar léttan vefhluta fyrir hæggar tengingar og ýmsar lófátölvur á öðru undirléni, t.d. lofi.vedur.is. Fjallað er um þennan vefhluta í kafla 11.
- Hverskonar viðvaranir frá VÍ birtast ofarlega á forsíðunni á áberandi hátt.
- Á forsíðunni eru flýtleiðir á margar af mikilvægum og/eða vinsælum síðum vefsins.
- Fréttir frá VÍ birtast á forsíðu.
- Á forsíðunni er veðurkort fyrir Ísland.
- Á forsíðunni er jarðskjálftakort fyrir Ísland.
- Á forsíðunni er UV-spá fyrir næstu daga. (Í hönnunaráfanga verður athugað hvort ástæða sé til að birta þetta allt árið á forsíðu eða einungis á vorin og sumrin)
- Á forsíðunni er pláss fyrir fasta vísun á sérstakt efni. Dæmi um slíkt er umfjöllun um yfirstandandi eldgos.

Nánar er fjallað um ýmis atriði þessu tengd í kafla hvers meginveflokks.

3.2. Skipulag forsíðunnar

- Viðvaranir eru undir haus forsíðunnar þannig að þær sjáist örugglega í vöfrum notenda þegar síðan er opnuð. Framsetning þeirra er áberandi. Ef engar viðvaranir eru í gangi birtist á sama stað texti þess efnis.
- Flýtleiðum er raðað niður eftir efnisflokkum. Það mætti hugsa sér að flýtleiðir sem eiga við veður séu teknar frá hinum flýtleiðunum og birtar við hlið veðurkortsins. Það sama á við um jarðskjálftaflýtleiðir og jarðskjálftakortið.
- Á veðurkortinu er hægt að sjá nýjustu veðurathuganir fyrir nokkra staði og veðurspá sex næstu daga fyrir þessa sömu staði.
- Á jarðskjálftakortinu birtast staðsetningar nýrra jarðskjálfta. Þetta er smækkuð mynd af jarðskjálftakortinu í vefflokknum Jarðskjálftar, sjá kafla 5.3.
- Nokkrar nýjustu fréttirnar birtast með lítilli mynd, titli og inngangstexta. Til viðbótar birtast á forsíðunni titlar nokkurra eldri fréttu.

Hér á eftir eru birtar tvær mismunandi tillögur að uppsetningu forsíðunnar. Fyrir utan kröfurnar hér að ofan er uppröðun og nákvæm útfærsla forsíðunnar unnin í hönnunaráfanganum sem tekur við af kröfugreiningaráfanganum. Því er allt eins líklegt að niðurstaðan verði frábrugðin báðum þessum tillögum. Tilgangur þessara mynda er að útskýra betur kröfurnar á forsíðuna og gefa hugmynd um hvernig hún gæti litið út.


Endanlegar skjámyndir verða útfærðar í hönnunaráfanga sem tekur við af kröfugreiningu.

3.2.1. Skjámynd – forsíðan – tillaga 1

Mynd 3-1 sýnir tillögu að forsíðunni. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Á myndina vantar ýmis atriði sem er í hausnum. Fjallað er um efni í hausnum í kafla 2.2.
2. Meginflokkarnir eru neðst í hausnum.
3. Undir hausnum birtast viðvaranir frá VÍ
4. Vinstra megin á síðunni er gert ráð fyrir flýtleiðum. Þær er flokkaðar eftir efnisflokkum svo auðvelt sé að finna það sem leitað er að.
5. Þegar ástæða er til birtist hér kynning á sérstöku efni. Þessi kynning er höfð á forsíðunni eins lengi og efni standa til. Sem dæmi mundi umfjöllun um eldgos vera kynnt hér á meðan eldgosíð stendur yfir og einhverjar vikur á eftir. Ef þörf er á er hægt að birta margar slíkar kynningar á forsíðunni.
6. Veðurkortið sýnir nýjustu athuganir og veðurspá fyrir næstu 6 daga.
7. Nýjustu fréttirnar birtast með mynd og inngangstexta, til viðbótar birtast titlar nokkurra eldri fréttu.
8. Hnappar eða sleði eru notaðir til að fletta á milli spátíma. Fyrir neðan eru hnappar sem vísa á ítarlegri veðurathuganir og veðurspár.
9. Fyrir neðan veðurkortið eru flýtleiðir á veðurspár fyrir nokkra staði, t.d. Reykjavík og Akureyri.
10. Jarðskjálftakortið sýnir nýja jarðskjálfta á Íslandi síðustu 48 klst.
11. Punktur á kortinu eru litakóðaðir eftir aldri og stærð. Kóðinn er útskýrður fyrir neðan kortið.

12. Neðst á forsíðunni er UV-spá fyrir næstu daga. Notaðir eru alþjóðlegir kóðar. Fyrir neðan eru vísanir á útskýringu á kóðunum.




Mynd 3-1 Tillaga 1 að uppsetningu á forsíðunni.

3.2.2. Skjámynd – forsíðan – tillaga 2

Mynd 3-1 sýnir tillögu að forsíðunni. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Hausinn
2. Meginvefflokkar

3. Viðvaranir frá VÍ
4. Veðurkort
5. Jarðskjálftakort
6. Hnappar eða sleði til að skipta á milli spátíma
7. Litakóði fyrir jarðskjálftakort
8. Kynning á sérstöku efni
9. UV-spá
10. Fréttir
11. Flýtleiðirnar eru flokkaðar eftir efnisflokkum



Mynd 3-2 Tillaga 2 að uppsetningu á forsíðunni.

3.3. Flýtleiðir

Eftirfarandi er tillaga að flýtleiðum á forsíðu. Ekki þarf að ákveða þær endanlega fyrir en skömmu áður en vefurinn fer í loftið. Mælt er með að breyta þeim þó sem minnst eftir það.

Veður (verða hugsanlega hjá veðurkortu á forsíðu):

Veðurspá fyrir Reykjavík	Veðurspá fyrir Bolungarvík	Veðurspá fyrir Akureyri
Veðurspá fyrir Egilsstaði	Veðurspá fyrir Kirkjubæjarklaustur	Veðurspá fyrir N-Atlantshaf
Sjóveðurspá	Flugveðurspá	Veðurfarsyfirlit síðustu viku
Veðurtungl	Veðurradar	Vefmyndavélar
Úrkoma síðasta sólarhring	Snjódýpt	

Jarðskjálftar og eldgos (verða hugsanlega hjá jarðskjálftakorti á forsiðu):

Skjálftavefsjá	Skjálftalisti	Skráningarform fyrir jarðvá
Vikuyfirlit		

Hafís:

Ískort	Skipatilkynningar	Skráningarform fyrir hafís
--------	-------------------	----------------------------

Ofanflóð:

Hættumat	Skráningarform fyrir ofanflóð
----------	-------------------------------

Um Veðurstofuna

Starfsmenn	Laus störf	Bókasafn
------------	------------	----------

Fróðleikur:

Fróðleikur um veður	Fróðleikur um jarðskjálfta og eldgos	Fróðleikur um hafís
Fróðleikur um ofanflóð	Saga Veðurstofunnar	

3.4. Í síðari útgáfum

Hér er fjallað um atriði sem mælt er með að bíði síðari útgáfa vefsins.

- Æskilegt er að athuga hvort hægt sé að birta frjótluathuganir á forsiðunni á sumrin, á svipuðum stað og UV-spáin. Einnig hvort mögulegt sé að framleiða frjótöluspár fyrir næstu daga.

4. Veður

4.1. Helstu kröfur

Flestar ábendingar í viðhorfskönnuninni fjölluðu um myndræna framsetningu og nútímalegra viðmót á veðurspám og veðurathugunum. Einnig var almennur vilji á hugmyndafundunum fyrir því að bæta þessa þætti. Þetta er klárlega sá hluti vefsins sem mestu máli skiptir að bæta. Líklega er óhætt að álíta að ný útgáfa vefsins verði að miklu leyti dæmd eftir því hversu vel þessi þáttur heppnast. Það er því brýnt að vanda framsetningu myndrænna veðurspáa og –athuguna sérstaklega.

Margar aðrar ábendingar og beiðnir komu fram er varða veður. Þær fjölluðu um: vefmyndavélar á veðurstöðvum, tíðar uppfærslur á rauntímagögnum, lengri spátímabil á myndrænu formi, þrýstílnukort, sjónvarpsveðurkortin, betri spár og athuganir fyrir ferðamanna- og útivistarstaði, veðurtunglamyndir, veðurradar og margt fleira.

Lagt er upp með þessar meginkröfur:

- Strax á forsiðu verður komið á móts við þarfir stórs hluta notenda.
- Veðurviðvaranir vegna veðurs á Íslandi birtast efst á öllum síðum öðrum en flugveður- og sjóveðursíðum.
- Veðurviðvaranir vegna veðurs á miðum og djúpum við Ísland birtast efst á öllum síðum veflokksins um sjóveður.
- Fyrstu spár og athuganir sem notendur mæta á vefnum eru settar fram með auðskiljanlegri myndrænni framsetningu.
- Textaspár eru birtar með myndrænum spám.
- Í undirflokkum sem eru sérhannaðir fyrir ákveðna hópa – flugveður, sjóveður og hugsanlega fleiri flokkum síðar – er að finna öll kort og gögn sem henta hópnum vel. Þetta á líka við þótt sömu gögnin þurfi fyrir vikið að verða í fleiri en einum flokki.
- Með því að kafa dýpra geta notendur séð flóknari gögn og framsetningu.
- Allar spár og athuganir, sem VÍ er heimilt að birta og hafa hagnýtt gildi fyrir hluta notenda, eru opnar og aðgengilegar notendum.
- Grafísk framsetning er hönnuð þannig að auðvelt er að bæta við fleiri kortum, lengra tímabili og meiri virkni síðar meir.
- Sérstaklega verður hugað að notendaprófunum á framsetningu spáa og athugana áður en vefurinn fer í loftið.

4.2. Vefflokkar

Lagt er til að vefflokkarnir sem heyra undir Veður séu eftirfarandi. Fjallað er um hvern þeirra í sér undirkafla hér á eftir. Hver þessara vefflokka hefur eigin undirflokk.

- Veðurspár
- Veðurathuganir
- Sjóveður
- Flugveður
- Veðurfar
- Stöðvar
- Veðrið erlendis
- Veðurvottorð
- Önnur veðurkort og töflur
- Skráningarform fyrir veðurfyrrbrigði
- Fróðleikur

4.3. Veðurspá

4.3.1. Undirvefflokkar

Lagt er til að undirvefflokkar verði:

- Veðurspákort – landshlutar
 - Höfuðborgarsvæðið
 - Faxaflói
 - o.s.frv.
 - Stöðvar
- Íslandslíkan – landshlutar
 - Faxaflói
 - Breiðafjörður
 - o.s.frv.
- Atlantshafskort
- Ýmis kort (*eftir á að finna nafn*)
 - (*óákveðið hvaða kort verða hér*)
- Textaspár
- Myndspár og veðurspárit

4.3.2. Almennt um veðurspár

- ❑ Á forsíðu vefsins er myndræn framsetning á nýjustu veðurathugun og veðurspám næstu daga fyrir allt landið. Sjá kafla 3.
- ❑ Við hlið allra veðurspáa, hvort sem um ræðir myndræna framsetningu eða textaspá, birtist á áberandi hátt dagsetning og tími þegar spáin var gerð. Sé bæði myndræn spá og textaspá á sömu síðu birtist þetta á báðum stöðum.
- ❑ Myndrænum spákortum er hér í kröfugreiningunni skipt í 3 tegundir:
 1. **Veðurspákort.** Einnig kölluð Punktspákort. Þetta eru auðskiljanleg spákort sem allir notendur eiga að geta skilið. Þetta er fyrsta spáin sem notendur mæta á vefnum. Á Íslandskorti eða öðru landakorti er að finna spár fyrir ákveðna punkta eða stöðvar. Notuð eru grafísk tákni fyrir veðurgerð og ör fyrir vindátt. Vindstyrkur og hiti eru sýnd með tölustöfum.
 2. Þetta eru ítarleg spákort sem styðja við punktspána. Stór hluti notenda á að geta skilið þessi spákort eftir svolitla yfirlegu. Auðvelt er að fletta á milli tegunda 1 og 2. Spákort sem falla undir þessa tegund eru ýmiskonar **jafnlínukort** fyrir hita, vind og úrkomu. Einnig **þrýstilínukort** þá gjarnan af stærra svæði umhverfis Ísland. Ennfremur ýmiskonar kort þar sem þrýstilínur, radarmyndir og gervihnattamyndum er blandað saman í einni mynd, hugsanlega einnig saman við jafnlínukort.
 3. Þetta eru spákort sem einungis er hægt að ætlast til að sérfræðingar eða glöggir notendur geti skilið. Þetta eru spákort sem hafa þó hagnýtt gildi og ástæða er að birta. Texti við hlið þessara spákorta segir eitthvað á þá leið að þetta séu upplýsingar ætlaðar fagfólki. Þessi kort birtast undir vefflokknum „önnur veðurkort og töflur”.
- ❑ Öll veðurspákort í tegund 1 eru kalmansíuð fyrir hita og vind.
- ❑ Önnur myndræn framsetning á veðurspám er:

- **Myndspár.** Byggjast á sömu framsetningu og á veðurspákortunum nema að veðurtáknin, örin og tölustafirnir, eru ekki á korti. Oftast er sýnd sería fyrir ákveðna stöð í marga daga eða margar stöðvar á ákveðnum tíma.
 - **Veðurspárit.** Sýnir sex daga spá fyrir ákveðna stöð. Hiti og skýjahula eru í formi línurits, úrkoma í formi stöplarits, vindátt með ör og vindstyrkur með tölu.
- ❑ Myndspár og veðurspárit eru kalmansiuð fyrir hita og vind.
 - ❑ Hægt er að skoða myndspár og veðurspárit fyrir allar veðurstöðvar sem hægt er að kalmansía.
 - ❑ Við hlið myndrænna spáa af tegund 1 og 2, fyrir allt landið birtast þessar textaspár:
 1. Yfirlit
 2. Veðurhorfur á landinu til kl. 18 á morgun
 3. Veðurhorfur á landinu næstu daga
 - ❑ Við hlið myndrænna spáa af tegund 1 og 2, fyrir spásvæði birtast þessar textaspár:
 1. Veðurhorfur næsta sólarhring fyrir spásvæðið
 2. Veðurhorfur á landinu næstu daga
 - ❑ Hægt er að hlusta á textaspár á vefnum með því að styðja á vísun við hlið þeirra.
 - ❑ Í þessum vefflokki eru sýnd bestu spákort sem völ er á, á hverjum tíma. Uppröðun vefflokka og tilheyrandi spákorta mun því breytast eftir einhvern tíma. Einnig er líklegt að spátímum muni fjölga. Hönnun viðmótsins þarf að gera ráð fyrir þessu.
 - ❑ Fliparnir fyrir ofan spákortin (sjá einnig kafla 2.2.3) eru notaðir til að vísa á milli korta sem nota sama spálíkan og sömu spátíma. Textavísanir fyrir ofan kortin eru notuð til að vísa á kort (eða hóp korta) sem byggja á öðrum spálíkönum. – Þetta endurspeglast einnig í vefflokkunum.
 - ❑ Við hlið spákorta af tegund 2 og 3 birtist lítt áberandi texti sem segir á hvaða líkani spákortið byggir. Vísað er í Fróðleiksvefflokkinn um frekari umfjöllunum um líkanið.

Í hönnunarfasa eða innleiðingarfasa verður endanlega ákveðið hvaða vefflokka verður að finna fyrir kort af tegund 2 og hvaða kort verða í hverjum þeirra.

Veðurstofan er að taka upp Visual Weather (VW) veðurspákerfi – kerfi sem getur framleitt slík kort frá gögnum nokkurra veðurspálíkana – en ekki hefur verið lagt mat á hvaða gerðir korta nýtist notendum best. Veðurstofan hefur aðgang að kortum og veðurspágögnum úr Íslandslíkani (HRAS) þar sem upplausn veðurþátta er meiri en í öðrum líkönum. Eftir er að taka ákvörðum um hvaða veðurþættir úr Íslandslíkaninu skuli birtir.

4.3.3. Veðurspákort


- ❑ Hægt er að skoða veðurspákort (punktspákort) sex daga fram í tímann. Fyrstu 48 tímuna er hægt að skoða spár með 6 klst. millibili. Eftir það er 12 klst. bil á milli spátíma.
- ❑ Hægt er að skoða veðurspákort fyrir ákveðna landshluta fyrir sömu spátíma.
- ❑ Veðurspákortin fyrir landshlutana skarast svolítið til þægindaauka fyrir þá sem búa á mörkum spásvæða.

- Á landshlutakortunum er hægt að velja að skoða spá fyrir stöðvar. Spárnar eru á formi myndspáa og veðurspárita.
- Flipar og textavísanir fyrir ofan kortið eru:
 - Flipar: engir
 - Textavísanir: Jafnlínukort, Íslandslíkan, Atlantshafskort

4.3.3.1. Skjámynd – veðurspá fyrir allt landið

Mynd 4-1 sýnir tillögu að myndrænni framsetningu á veðurspá fyrir allt landið. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Þegar veðurviðvaranir eru gefnar út fyrir Ísland birtast þær á áberandi hátt efst á síðunni.
2. Hægt er að velja beint aðra tegund spákorta (teg.2).
3. Þegar síðan opnast birtist punktspákort. Stöðvarnar sem eru birtar eru fyrirfram stilltar. Notandinn getur ekki breytt þeim. Spásvæðin eru merkt inn á kortið. Þegar stutt er á spásvæði opnast síða fyrir viðkomandi spásvæði (sjá tillögu í kafla 4.3.3.2).
4. Sleði er notaður til að skoða mismunandi spátíma.
5. Hægt er að velja spásvæði úr fellivalmynd. Þetta er sama virkni og að styðja á spásvæði á kortinu.
6. Hægt er að velja beint spá fyrir ákveðna stöð í ákveðnu spásvæði. (Nánar útfært í hönnunaráfanga)
7. Fyrir neðan spákortið og meðfylgjandi stýrieiningar birtast textaspár. Til hliðar við textaspána er vísun á fróðleik um hvers vegna stundum er munur á milli textaspár og sjálfvirkrar veðurspáa á kortinu.
8. Hægt er að hlusta á textaspána með því að styðja á hátalaramerkið.



Mynd 4-1 Myndræn framsetning á veðurspá fyrir allt landið.

4.3.3.2. Skjámynd – veðurspá fyrir spásvæði og veðurstöð

Mynd 4-2 sýnir tillögu að myndrænni framsetningu á veðurspá fyrir Norðurland eystra og Akureyri. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Hægt er að velja þann flokk sjálfvirkra stöðva sem merktar eru inn á kortið, t.d. helstu stöðvar, strandstöðvar, stöðvar í þéttbýli, vegastöðvar, o.s.frv. Einnig er hægt að velja allar stöðvar.
2. Á myndinni eða til hliðar við hana birtist spátíminn og stöðvaflokkurinn sem er valinn.
3. Stöðvarnar úr valda flokknum eru merktar inn á kortið með áberandi punktum. Þegar bendillinn er færður yfir punkt birtist nafn stöðvarinnar. Með því að styðja á punktinn er hægt að skoða veðurspá fyrir viðkomandi stöð.

Séu margar stöðvar nærri hvor annarar birtist í stað stöðvarnafns textinn: „Styddu til að velja stöð“. Þegar stutt er á stöðvaþyrpinguna birtist listi með nöfnum stöðvanna ofan á kortinu. Við það að styðja á stöðvarnafn er hægt að skoða veðurspá fyrir viðkomandi stöð.

Stöðvar úr sama flokki í aðliggjandi spásvæðum eru merktar inn á kortið ef pláss leyfir.

4. Punktspár birtast við hlið flestra stöðvar. Undantekningar á þessu eru þegar ekki er pláss fyrir punktspána vegna annarra stöðva (punkta). Þegar bendillinn er færður yfir þessar punktspár birtist sjálfvirka spá stöðvarinnar sem texti. Dæmi: Súld, suðvestan 6 m/s, hiti 8° C.
5. Sleði er notaður til að skoða mismunandi spátíma. (Sjá atriðið hér að ofan.) Sleðinn er einungis virkur þegar „helstu stöðvar“ eru valdar.
6. Hægt er að velja að skoða spá fyrir ákveðna stöð úr fellivalmynd.
7. Þegar stutt er á stöð birtist myndspá fyrir stöðina fyrir neðan spákortið og meðfylgjandi stýrieiningar. Efst birtist nafn stöðvarinnar og millivísanir á athuganir, upplýsingar, veðurfar og vefmyndavél fyrir stöðina.
8. Til hliðar við myndspá stöðvarinnar birtist nýjasta veðurathugunin ásamt athugunartíma. Misjafnt er hvaða veðurþættir birtast eftir tegund stöðvar.
9. Með því að styðja á hnapp getur notandi birt veðurspárit stöðvarinnar fyrir neðan myndspána. Upplýsingar um þetta val geymist. Næst þegar sami notandi skoðar veðurspá fyrir stöð birtist spáritið án þess að stutt sé á hnappinn.
10. Spáritin eru ætluð lengra komnum notendum. Þau geta hins vegar ruglað hluta almennra notenda. Þess vegna birtast spáritin ekki með myndspánum strax heldur þarf að styðja sérstaklega á hnapp til að sjá þau.
11. Spáritin eru stærri en þau sem eru á gamla vefnum. Nú birtist ör fyrir vindstefnu og tala fyrir vindhraða.
12. Nafn annarra stöðva sem eru nærri stöðinni birtast í lista. Hægt er að styðja á stöðvarnar til að skoða veðurspá fyrir þær.
13. Fyrir neðan birtast textaspár. Hægt er að hlusta á spárnar með því að styðja á hátalaramerkið.

4.3.4. Íslandslíkan

Um er að ræða svokölluð HRAS-spákort sem Reiknistofa í veðurfræði hefur þróað. Nánari ákvörðun um birtingu þeirra verður tekin í hönnunar- eða innleiðingaráfanga.

- ❑ Sérstakt kort verður hugsanlega fyrir hita, vind og úrkomu
- ❑ Hægt er að skoða kortin fyrir ákveðna landshluta.
- ❑ Kort verða hugsanlega birt fyrir hverja 3. klst, 72 klst. fram í tímann.
- ❑ Viðmót til að velja kort er keimlíkt og í veðurspákortunum. Helsti munurinn er sá að á landshlutakortunum er ekki hægt að velja spá fyrir stöðvar.
- ❑ Flipar og textavísanir fyrir ofan kortið verða hugsanlega:
 - Flipar: Hiti, Vindur, Úrkoma
 - Textavísanir: Veðurspákort, Atlantshafskort, Ýmis kort

4.3.5. Atlantshafskort

Nánari ákvörðun um innihald korta og spátíma verður tekin í hönnunar- eða innleiðingaráfanga.

- ❑ Hægt er að skoða þrýstílnukort af N-Atlantshafi, bæði kort byggt á nýjustu athugunum og spákort. Hugsanlega verða þrýstílinur teiknaðar ofan á gervihnattamyndir.
- ❑ Fyrir neðan kortið eru helstu tákni á kortunum sýnd, kuldaskil, hitaskil o.s.frv.
- ❑ Viðmótið til að skoða kortin eru keimlík því sem notað er til að skoða önnur veðurkort.

4.3.6. Ýmis kort

Ákvörðun um hver þessi eiga að vera verður tekin í síðari áföngum.

4.3.7. Textaspár

- ❑ Hægt er að skoða allar helstu textaspár á einni síðu. Efst á henni er efnisyfirlit um textaspárnar á síðunni. Textaspárnar eru:
 1. Yfirlit
 2. Veðurhorfur á landinu til kl. 18 á morgun
 3. Veðurhorfur á landinu næstu daga

4.3.8. Myndspár og veðurspárit

- ❑ Hægt er að skoða myndspár og veðurspárit hlið við hlið fyrir hvaða stöðvar sem er.
- ❑ Hægt er að velja stöðvarnar af korti eða úr lista.

4.4. Veðurathuganir

4.4.1. Undirvefflokkar

Lagt er til að undirvefflokkar verði:

- Veðurathuganakort - landshlutar

- Höfuðborgarsvæðið
- Faxaflói
- o.s.frv.
- Veðurtungl
- Veðurradar
- Vefmyndavélar
- Veðurþættir

4.4.2. Veðurathuganakort

- ❑ Á Íslandskorti birtist nýjasta athugun fyrir nokkrar fyrirfram valdar veðurstöðvar. Notandinn getur ekki breytt valinu.
- ❑ Á kortinu er hægt að skoða athuganir fyrir þessar stöðvar viku aftur í tímann.
- ❑ Fyrir neðan Íslandskortið birtist nýjasta athugunin fyrir þessar stöðvar í lista. Í listanum eru fleiri athugunargildi en sjást á kortinu, t.d. skýjahula, úrkoma, loftþrýstingur og skyggni.
- ❑ Af Íslandskortinu eða fellivalmynd fyrir neðan kortið er hægt að velja að skoða athuganir fyrir ákveðinn landshluta.
- ❑ Á landshlutakortum er hægt að velja einstakar stöðvar og skoða athuganir fyrir þær.
- ❑ Hægt er að skoða sjö daga línurit fyrir einstakar stöðvar.
- ❑ Hægt er að skoða daggildiskort í landshlutakortum. Þetta eru línurit sem sýna meðalhitastig hvers dags undanfarna daga miðað við langtímameðaltöl. Þau eru notað víða erlendis og eru vinsæl, dæmi:
<http://met.no/observasjoner/akershus/Gardermoen/index.html>

4.4.2.1. Skjámynd – veðurathuganir fyrir allt landið


Mynd 4-3 sýnir tillögu að myndrænni framsetningu á veðurathugun fyrir allt landið.. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Hægt er að velja beint veðurtungla- og veðurradarmyndir.
2. Þegar síðan opnast birtast athuganir fyrir helstu stöðvar. Þessar stöðvar eru fyrirfram stilltar og óbreytanlegar. Spásvæðin eru merkt inn á kortið. Þegar stutt er á spásvæði opnast síða fyrir athuganir viðkomandi spásvæðis.
3. Með því að styðja hér birtist sleði sem hægt er að skruna aftur á bak til að skoða athuganir síðustu viku. Virknin er í samræmi við virknina í veðurspá kortinu fyrir Ísland. – Þetta á að vera lítt áberandi og því er betra að nota smáa textavísun.
4. Hægt er að velja athuganir fyrir spásvæði úr fellivalmynd. Virknin er eins og ef stutt er á landsvæði á kortinu.
5. Hægt er að velja beint athuganir fyrir ákveðna stöð í ákveðnu spásvæði. (Nánar útfært í hönnunaráfanga)
6. Nýjustu athuganir birtast í lista fyrir neðan stýrieiningar Íslandskortsins.
7. Í listanum birtast helstu athuganagildin í blöndu af grafískri og tölulegri framsetningu. Hægt er að styðja á nafn stöðvar til að fara beint á landshlutakort með athuganir viðkomandi stöðvar valdar, sjá kafla 4.4.2.2.

4.4.2.2. Skjámynd –veðurathugun fyrir spásvæði og stöð

Mynd 4-4 sýnir tillögu að myndrænni framsetningu á veðurathugun fyrir spásvæði og ákveðna stöð. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Hægt er að velja þann flokk stöðva sem merktar eru inn á kortið. Að mestu leyti er miðað við sömu flokka í landshlutaspákortum. (sjá kafla 4.3.3.2). En að auki er einnig hægt að velja mannaðar stöðvar.
2. Veðurathugunartíminn birtist til hliðar við kortið eða á því.
3. Stöðvarnar úr valda flokknum eru merktar á kortið. Þegar bendillinn er færður yfir punktana birtist nafn stöðvar. Með því að styðja á punktinn er hægt að skoða veðurspá fyrir viðkomandi stöð.
4. Einnig birtar athuganir á kortinu fyrir margar stöðvanna. Þær birtast sé pláss fyrir þær á kortinu vegna annarra stöðva eða annarra athugana. Þegar bendillinn er færður yfir þessar upplýsingar birtist athuginin í texta. Dæmi: Rigning með köflum, suðvestan 6 m/s, hiti 8° C.
5. Þegar stutt er hér birtist sleði. Með því að færa sleðann til vinstri er hægt að skoða athuganir viku aftur í tímann. Hnappurinn og sleðinn er einungis virkur þegar „helstu stöðvar“ eru valdar. – Þetta á að vera lítt áberandi og því er betra að nota smáa textavísun.
6. Hægt er að velja að skoða athuganir fyrir stöð úr fellivalmynd.
7. Þegar stöð er valin birtast athuganir fyrir hana síðasta sólarhringinn. Efst er nafn stöðvar og millivísanir á spá, upplýsingar, veðurfar og vefmyndavél fyrir stöðina, eftir því sem við á.
8. Athugunargildin síðasta sólarhringinn birtast í lista í blöndu af grafískri og tölulegri framsetningu. Misjafnt er eftir tegund stöðvar hvaða athugunargildi birtist.
9. Með því að styðja á hnapp getur notandinn birt sjö daga línurit fyrir neðan listann.
10. Með því að styðja á hnapp getur notandinn birt daggildiskort fyrir neðan listann.
11. Fyrir neðan listann birtist sjö daga línurit eða daggildiskort þegar notandinn hefur valið það. Séu línuritin valin birtast þar allir veðurþættir fyrir viðkomandi stöð.



Mynd 4-4 Veðurathugun fyrir Norðurland eystra og Akureyri.

4.4.3. Veðurtungl

Fyrirvara verður að setja um birtingu nýrra veðurtunglamynda vegna leyfismála. Verið er að kanna þau mál.

- ❑ Hægt er að skoða nýjustu veðurtunglamyndina af Íslandi.
- ❑ Hægt er að skoða nýjustu veðurtunglamyndina af N-Atlantshafi.
- ❑ Hægt er að skoða veðurtunglamyndir 24 klst. aftur í tímann með 1 klst. millibili.

Í hönnunar- eða innleiðingaráfanga verður ákvarðað hversu oft veðurtunglamyndin uppfærast. Einnig er mögulegt að hægt verði að skoða fleiri tegundir gervihnattamynda: IR, ViS, Composite osfrv.

4.4.4. Veðurradar

- ❑ Hægt er að skoða nýjustu veðurradarmyndina af SV-horninu.
- ❑ Myndin uppfærast á u.þ.b. 10 mín. fresti.
- ❑ Hægt er að skoða veðurradarmyndina 24 klst. aftur í tímann með 1 klst. millibili.

Mögulegt er að hægt verði að skoða fleiri tegundir veðurradarmynda: Endurvarp, úrkoma osfrv.

4.4.5. Vefmyndavélar

- ❑ Byrjað er að setja upp vefmyndavélar fyrir veðurstöðvar. Fyrst örfáar útvaldar stöðvar, síðar fleiri. Vefmyndavélar eru stilltar þannig að þær sýna sem best veðrið á hverjum stað.
- ❑ Hægt er að skoða viðmiðunarmynd úr hverri myndavél þar sem skrifaðar eru inn ýmsar nytsamlegar upplýsingar. Þær eru helstar:
 - Nafn helstu kennileita sem sjást á myndinni.
 - Fjarlægð til kennileitis.
 - Hæð fjalla


Í hönnunar- eða innleiðingaráfanga verður ákvarðað hversu oft vefmyndavélar uppfærast. Hugsanlega verður það misjafnt eftir stöðum.

4.4.5.1. Skjámynd

Mynd 4-5 sýnir tillögu að framsetningu á myndum úr vefmyndavélum. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Þeir staðir þar sem hægt er að skoða myndir úr vefmyndavélum VÍ og samstarfsaðila eru merktir á kortið.
2. Þegar bendillinn er færður yfir punkt birtist nafn staðarins. Með því að styðja á punktinn birtast vefmyndir frá staðnum fyrir neðan kortið.
3. Einnig er hægt að velja staði úr fellivalmynd fyrir neðan kortið.
4. Myndirnar birtast fyrir neðan kortið. Tíminn þegar myndirnar voru teknar birtast á þeim.
5. Myndirnar eru litlar en skýrar. Allt að 4 myndir eru sýndar frá hverjum stað. Ein fyrir hverja stefnu. Þjöppunin er valin þannig að hún komi óverulega niður á skýrleika myndanna.

6. Með því að styðja á hnapp birtist sleði sem hægt er að færa aftur á bak til að skoða eldri myndir
7. Þegar stutt er á viðmiðunarmynd opnast nýr gluggi með stórrri viðmiðunarmynd.
8. Þegar stutt er á stóra mynd opnast nýr gluggi með stórrri útgáfu af viðkomandi mynd.



Mynd 4-5 Hægt er að sjá hvernig veðrið er á nokkrum stöðum með vefmyndavélum.

4.4.6. Veðurpættir


- Hægt er að skoða athaganir af stökum veðurpáttum á korti. Sambærileg mæligildi frá öllum gerðum stöðva eru þá sýnd með litakóðuðum deplum á stöðvum, örvum (vindátt), tölugildi við stöð, jafngildislinum og/eða lituðum jafngildissvæðum.

- Dæmi um veðurþætti sem gott er að skoða á slíkum kortum eru: Loftþrýstingur, loftþrýstingsbreyting, hiti, daggarmark, vindhraði, hviður, vindátt, skýjahula, skýjahæð, úrkoma, snjódýpt, ákoma (snjódýptarbreyting), snjóhula, jarðlag og sjólag.

4.4.6.1. Skjámynd – veðurþáttakort

Mynd 4-6 sýnir tillögu að myndrænni framsetningu á veðurþáttakorti fyrir úrkomu fyrir allt landið. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Hægt er að velja veðurþátt úr fellivalmynd.
2. Kortið sýnir allar stöðvar sem hafa mælt viðkomandi veðurþátt.
3. Skýringar fyrir litakóða og tegundir stöðva birtast ef við á.
4. Notandi getur fengið lista af stöðvum á kortinu með mæligildi.
5. Hægt er að fá listan raðaðan eftir landsröð, stöðvanöfnum eða mæligildi.



Mynd 4-6 Veðurpáttakort.

4.5. Sjóveður

4.5.1. Undirvefflokkar

Lagt er til að undirvefflokkar verði:

- Textaspá
- Íslandslíkan
- Atlantshafskort
- Veðurtungl

4.5.2. Textaspá

- Hægt er að skoða allar textaspár fyrir sjófarendur á einni síðu. Efst á henni er efnisyfirlit um textaspárnar á síðunni. Efni síðunnar er hið sama og er á: <http://www.vedur.is/thj/spa/data/html/sjospa.html>
- Líkt og verið hefur birtast efst á síðunni stormviðvaranir þegar við á.
- Textaspáin er það fyrsta sem notendur sjá þegar þeir styðja á Sjóveður vefflokkinn.

4.5.3. Íslandslíkan

Nánari ákvörðun um birtingu þessara korta verður tekin í hönnunar- eða innleiðingaráfangi. (Sjá einnig kafla 4.3.4)

- Á kortunum birtast vindaspár fyrir miðin í kringum Ísland.
- Vindakvarðinn á kortunum miðast við það sem er hagnýtt til sjós.
- Kortin verða hugsanlega birt fyrir hverja 3. klst, 72 klst. fram í tímann.


4.5.4. Atlantshafskort

Sömu eða keimlík kort og birting og er í kafla 4.3.5.

4.5.4.1. Skjámynd

Mynd 4-7 sýnir tillögu að framsetningu á Atlantshafskorti fyrir sjófarendur. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Hægt er að velja beint veðurtunglamyndir fyrir sjófarendur.
2. Dagsetning og tími er merktur inn á kortin.
3. Sleði er notaður til að skoða mismunandi spátíma.
4. Fyrir neðan birtast allra mikilvægustu táknið sem notuð er á kortunum. Annarsstaðar á síðunni eru millivísanir á útskýringar um hvernig lesa megi úr kortinum nýtsamlegar upplýsingar um veðurhorfur.



Mynd 4-7 Þrýstílnukort fyrir sjófarendur.

4.5.5. Veðurtungl

Fyrirvara verður að setja um birtingu nýrra veðurtunglamynda vegna leyfismála. Verið er að kanna þessi mál.

- ❑ Hægt er að skoða nýjustu veðurtunglamyndina af N-Atlantshafi.
- ❑ Hægt er að skoða veðurtunglamyndir af N-Atlantshafi nokkra klukkutíma eða daga aftur í tímann.
- ❑ Veðurtunglamyndirnar ná yfir mun víðfeðmara svæði heldur en veðurtunglamyndirnar í vefflokknum Veðurathugun, sjá kafla 4.4.3

Í hönnunaráfanga verður ákveðið hversu oft veðurtunglamyndin uppfærast og hversu langt aftur í tímann hægt er að skoða myndirnar.

4.6. Flugveður

Nánari ákvarðanir um útfærslu vefefnis í þessum flokki verða teknar í hönnunar- og innleiðingarafanga í samráði við fulltrúa úr hópi notenda.

4.6.1. Undirvefflokkar

Lagt er til að undirvefflokkar verði:

- Skýjakort
 - Lágský
 - Miðský
- Vindakort
 - 3000 fet
 - 5000 fet
 - 10000 fet
 - 18000 fet
- Veðurathuganir
- Veðurtungl
- Veðurradar
- Vefmyndavélar
- Flugveðurskilyrði
- METAR
- SIGMET
- TAF
- PIREP
 - PIREP skráningarform
- Aðgangsskráningarform


4.6.2. Skýjakort

- Hægt er að skoða annars vegar lágskýjakort og hinsvegar miðskýjakort fyrir Ísland.
- Notað er sama viðmót til að fletta á milli korta og annarsstaðar á vefnum, þ.e.a.s. sleða til að fletta á milli spátíma og flipa til að skipta á milli lágskýja- og háskýjakorta.
- Notað er spálíkan (Hirlam-T) sem berst á 6 klst. fresti.
- Hægt er að skoða skýjaspákortin 48 klst. fram í tímann á 3 klst. fresti.
- Fyrsta kortið sem birtist er nýliðinn spá/greiningar-tími. Ofan á þetta kort eru lögð nýjustu mælingagildin á lægstu skýjahæð nokkurra valdra stöðva.

4.6.2.1. Skjámynd

Mynd 4-8 sýnir tillögu að framsetningu á skýjakorti. Tillöguna þarf að útfæra nánar í samráði við fulltrúa úr hópi notenda.

1. Hægt er að velja að skoða þéttleika lágskýja og þéttleika miðskýja.
2. Litur á jafnlínunum sýnir hve þykk skýjahulan er á hverjum stað.
3. Þar sem þetta er greining á skýjahulunni fyrir síðasta mælitíma þá er hæð lægstu skýja fyrir nokkrar veðurstöðvar merkt inn á kortið.
4. Með því að nota sleðann er hægt að skoða skýjahuluna fyrir spátíma á 3 klst. fresti 48 klst. fram í tímann.
5. Neðst á síðunni er sýnt hvað jafnlínulitirnir tákna.



Mynd 4-8 Á kortinu sést þéttleiki lágskýja. Ofan á kortið er sett hæð lægstu skýja á nokkrum völdum veðurstöðvum.

4.6.3. Vindakort

- Hægt er að skoða vindakort fyrir 3000, 5000, 10000 og 18000 fet fyrir Ísland.
- Vindörvar sýna vindátt og styrk yfir öllu Íslandi.
- Hægt er að skoða vindaspákortin 48 klst. fram í tímann á 3 klst. fresti.

4.6.4. Veðurathuganir

- Hægt er að sækja nýjustu veðurathuganir fyrir valdar stöðvar á textaformi.

Þetta verður útfært nánar í samráði við fulltrúa úr hópi notenda.

4.6.5. Veðurtungl

Fyrirvara verður að setja um birtingu nýrra veðurtunglamynda vegna leyfismála. Verið er að kanna þau mál.

Nýbúið er að fá aðgang að mun betri veðurtunglamyndum en hingað til hafa verið aðgengilegar. Eftir að skoða hversu oft skynsamlegt er að uppfæra þær og hvernig þær verða best framreiddar.

- Hægt er að skoða nýjustu veðurtunglamyndina af Íslandi ásamt myndum aftur í tímann.

4.6.6. Vefmyndavélar

Á sama hátt og í veðurathugunarflokknum (sjá kafla 4.4.5) eru hér birtar myndir frá vefmyndavélum. Hér eru þó einungis birtar myndir frá þeim vefmyndavélum sem nýtast í flugi.

4.6.7. Flugveðurskilyrði

- Þetta er læst síða. Sjá kafla 4.6.12.
- Flugveðurskilyrði birtast á sama hátt og þau gera á núverandi vef.

4.6.8. METAR

- Þetta er læst síða. Sjá kafla 4.6.12.
- METAR birtist á sama hátt og á núverandi vef að því undanskildu að hægt er að skoða METAR 6 klst. aftur í tímann.

4.6.9. SIGMET

- Þetta er læst síða. Sjá kafla 4.6.12.
- SIGMET birtist á sama hátt og á núverandi vef.

4.6.10. TAF

- Þetta er læst síða. Sjá kafla 4.6.12.
- TAF birtist á sama hátt og á núverandi vef.

4.6.11. PIREP

- Þetta er læst síða. Sjá kafla 4.6.12.
- PIREP sem skráð hefur verið síðustu 6 klst. birtist í lista, nýjast fyrst.
- PIREP-skráningarformið er hið sama og er á núverandi vef.

4.6.12. Aðgangsskráningarform

- Tvennskonar aðgangsleyfi eru veitt:
 - 1) Aðgangur til að skoða allar læstar síður (lestraraðgangur). Allir geta fengið þennan aðgang.
 - 2) Sama og 1. Ennfremur aðgangur til að skrifa PIREP. Einungis þeir sem hafa gilt flugskírteini geta fengið þennan aðgang.
- Allir geta sótt um að fá lestraraðgang til að skoða læstar síður.
- Eftirfarandi svið eru í forminu. Fylla þarf í svið sem ekki eru valfrjáls.
 - i. Fullt nafn
 - ii. Kennitala
 - iii. Heimili
 - iv. Póstnúmer
 - v. Staður
 - vi. Sími/símar
 - vii. Netfang
 - viii. Lykilorð
 - ix. Númer flugskírteini (valfrjálst)
 - x. Er sótt um skrifadgang að PIREP (já/nei)

(Önnur svið verða ákveðin í samráði við notendur og flugmálayfirvöld.)

- ❑ Við skráningu sendir kerfið staðfestingartölvupóst á netfangið sem skráð var. Notandinn styður á vísun sem er í póstinum og opnar þar með sinn lestraraðgang.
- ❑ Hafi viðkomandi sótt um að fá skrifaðgang að PIREP sendir kerfið sjálfvirkan póst með umsókninni á ákveðið netfang hjá Flugmálastjórn. Starfsmenn hjá Flugmálastjórn yfirfara umsóknina og opna PIREP skrifaðganginn sé viðkomandi til þess bær. Flugmálastjórn fær aðgang í gegnum vef VÍ til þess að opna og loka á skrifaðganginn hjá öllum sem eru skráðir með lesaðgang á flugsíðurnar. Aðilar hjá VÍ koma þar hvergi nærri.

Eftir er að fjalla um þessar tillögur með Flugmálastjórn!

- ❑ Notendur innskrá sig með kennitölu og lykilorði.
- ❑ Innskráðir notendur geta útskráð sig.
- ❑ Kerfið getur búið til og sent nýtt lykilorð á notendur sem hafa gleymt sínu gamla lykilorði.
- ❑ Innskráðir notendur geta breytt skráningar-upplýsingunum sínum.

4.7. Veðurfar

4.7.1. Undirvefflokkar

Lagt er til að undirvefflokkar verði:

- Mánaðaryfirlit
- Veðurfarskort
- Meðaltalstöflur
- Veðurfarsupplýsingar

4.7.2. Mánaðaryfirlit

- ❑ Á síðunni birtist veðurfarsyfirlit síðasta mánaðar. Það samanstendur af venjulegum veftexta og myndum.
- ❑ Hægt er að skoða eldri yfirlit úr lista (sjá kafla 2.2.2).

4.7.3. Veðurfarskort

- ❑ Á síðunni birtist Íslandskort sem sýnir á myndrænan hátt meðalhitagildi árána 1961-1990 fyrir ákveðinn mánuð. Gera þarf ráð fyrir að sé hægt að velja samskonar kort fyrir úrkomu þegar það verður tilbúið.
- ❑ Fyrir neðan kortið eru stýrieiningar til að velja mánuðinn.
- ❑ Á sama hátt er hægt að skoða kort af meðalhitafráviki hvers mánaðar síðan 1961 til loka síðasta mánaðar.

4.7.4. Meðaltalstöflur

- ❑ Notendur geta sótt meðaltalsgildi, summur og talningar fyrir ýmsa veðurþætti, svo sem hita, vind, úrkomu o.s.frv. Þeir ákvarðast nánar í hönnunarfasa.
- ❑ Hægt er að biðja um eftirfarandi meðaltöl
 - Sólarhringsmeðaltal

- Mánaðarmeðaltal
 - Ársmeðaltal
 - Langtímameðaltöl.
- Hægt er velja frá ákveðnum stöðvum. (Stöðvar eru valdar í hönnunaráfanga í samráði við TrJ).
 - Notandi velur upphafs- og endadagsetningu, veðurþætti og stöðvar. Hægt er að birta gögnin í töflu á síðunni eða vista þau sem csv-gögn til að vinna með í töflureikni.

4.8. Stöðvar

- Hægt er að velja veðurstöð af korti og lista. Þegar stöð hefur verið valin birtist eftirfarandi á einni síðu:
 - Lítil mynd af stöð og stuttur fróðleikur um hana, t.d. staðsetning, hæð yfir sjávarmáli, mælitímar og listi af veðurþáttum sem stöðin mælir.
 - Nýjustu veðurathuganir fyrir stöðina í lista.
 - Myndspá og spárit fyrir stöðina.
 - Listi af stöðvum sem eru nálægar.
- Hægt er að skoða fleiri myndir af stöðinni. Hægt er að skoða stóra útgáfu af hverri mynd.
- Hægt er að skoða nánari fróðleik um stöðina.

4.9. Veðrið erlendis

- Hægt er að skoða myndspá fyrir nokkrar borgir erlendis.
- Hægt er að skoða safn vísana á erlenda veðurspárvefi.

4.10. Veðurvottorð

- Á síðunni er umsóknarform með eftirfarandi svæðum. Fylla þarf í öll svæðin sem ekki eru valfrjáls.
 - Nafn
 - Kennitala
 - Heimili
 - Sími
 - Farsími (valfrjálst)
 - Staðsetning
 - Ár / Mánuður / Dagur / Klukkustund
 - Athugasemd
 - Einvalshnappar:
 - i. Senda í pósti
 - ii. Verður sótt
 - Einvalshnappar:
 - i. Símgreiðsla (kreditkort)
 - ii. Greiðsla við afhendingu
 - Óska eftir að fá afrit sent strax (fjölvalshnappar)
 - i. Í faxi

ii. Í tölvupósti

- Dagsetning umsóknar er skráð með umsókn þegar hún er vistuð

4.11. Önnur veðurkort og töflur


Tilgangur þessa vefflokks er að hægt sé á tiltölulega einfaldan hátt að setja inn veður-tengd kort, línurit eða töflur sem eru ætluð sérfræðingum, eru í þróun eða eru ekki ætluð öllum almenningi af einhverjum öðrum ástæðum.

- Hægt er að velja kortasyrpu efst af síðunni.
- Hver kortasyrpa tekur með sér stýrieiningar sem birtast fyrir neðan kortið. Þetta eru eins stýrieiningar og eru notaðar með öðrum kortum annarsstaðar á vefnum.
- Til að byrja með eru hér:
 - Eldingar síðustu viku
 - Eldingaspár
 - Og væntanlega marft fleira.

4.11.1.1. Skjámynd

Mynd 4-9 sýnir tillögu að framsetningu á öðrum veðurkortum og töflum. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Hægt er að velja um kortasyrpu eða töflur efst á síðunni.
2. Þar fyrir neðan birtast kortin, línuritin eða töflurnar.
3. Þau taka með sér stýrieiningar. Hér er notaður sleði til að velja á milli þess tíma sem kortið sýnir.



Mynd 4-9 Önnur veðurkort og töflur

4.12. Skráningarform fyrir veðurfyrirbrigði

- Notendur geta sent inn upplýsingar um veðurfyrirbrigði sem þeir verða varir við. Eftirfarandi svið eru í innsláttarforminu. Til að hægt sé að senda inn upplýsingarnar þarf að fylla inn í öll svið sem ekki eru valfrjálst.
 - Nafn
 - Sími
 - Netfang (valfrjálst)
 - Heimili (valfrjálst)
 - Staður þar sem vart var við veðurfyrirbrigði
 - Dagsetning og tími veðurfyrirbrigðis
 - Lýsing á veðurfyrirbrigði
 - Myndir (valfrjálst)

Hægt er að senda inn allt að 10 myndir

4.13. Fróðleikur

- Í nokkrum undirvefflokkum er í máli og myndum á mörgum síðum fjallað um ýmsan fróðleik er varðar veður.

4.14. Tæknilegt

- Hægt er að bókamerkja slóðir beint á veðurspá, veðurathugun, vefmyndir, veðurfar og upplýsingar fyrir ákveðna stöð. Þannig geta notendur til dæmis farið beint á veðurspá fyrir Hveravelli án viðkomu á öðrum síðum.

4.15. Hönnunatriði

Eftirfarandi atriði þarf að taka fyrir í hönnunaráfanganum.

- Hvernig á að flokka veðurstöðvar í hópa: Strandstöðvar, vegastöðvar, stöðvar í þéttbýli, helstu stöðvar, o.s.frv.
- Fyrir allar tegundir korta sem eru birt þarf að:
 - Gera tillögu að útliti ef það liggur ekki fyrir.
 - Ákveða hver virkni kortsins á að vera þegar stutt er á það.
 - Ákveða hvaða stýrieiningar kortið á að taka með sér og hver virkni þeirra á að vera nákvæmlega.
- Hanna hvernig myndspár og veðurspárit eiga nákvæmlega að líta út.
- Ákveða hvað atriði eigi að birtast í „síðustu athugun“ undir spá fyrir stöð.
- Það þarf að endurhanna litakóða í úrkomu-, snjódyptar- og ákomukortum svo auðveldara sé að lesa þau.

4.16. Í síðari útgáfum

Hér er fjallað um atriði sem mælt er með að bíði síðari útgáfa vefsins.

Veðurspár

- Mælt er með að bæta spárit þannig að þau hafi 6 klst. upplausn, a.m.k. fyrstu 48 klst. líkt og punktspár hafa.
- Mælt er með að punktspár séu einnig birtar fyrir aðra flokka stöðva í landshlutaspákortum. Sjá kafla 4.3.3.2.
- Í Íslandslíkaninu verður síðar meir hægt að skoða spár fyrir einstakar stöðvar.

Veðurathuganir

- Mælt er með að bæta síðar við virkni til að skoða og sækja eldri athuganir og veðurkort. Einnig athuganir frá aflögðum stöðvum.

Sjóveður

- Lagt er til að leita eftir því að fá vindmælingar frá skipum á sjálfvirkan hátt með tilkynningarskeytum. Þær er hentugt að birta myndrænt á korti svo auðveldara sé fyrir notendur að skima gögnin. Á kortinu ættu einnig að vera upplýsingar frá öldudufnum og strandstöðvum líkt og er á http://skip.sigling.is/vedur_sjolog/srtISL.html

Flugveður

- Með nýjum búnaði er hægt að framleiða rútuupplýsingar á ýmsu formi. Eftir er að skoða betur hvernig búnaðurinn er notaður og hvernig best er að framleiða slíkar upplýsingar. Lagt er til að bæta fljótlega við slíkri virkni.

Stöðvar

- Mögulegt þyrfti að vera að skoða upplýsingar um aflagðar stöðvar.

Annað

- Mælt er með að bæta við vefflokknum „Tungl og sólargangur” og birta þar upplýsingar um tunglstöðu og sólargang fyrir nokkra staði á landinu. Þessar upplýsingar mættu einnig birtast neðst á forsíðu á hnitmiðuðu formi.
- Mælt er með að þróa norðurljósaspár sem birtar yrðu á veturnar. Þær myndu byggja á norðurljósaspá NASA og skýjahuluspá fyrir Ísland. Þessar upplýsingar mættu einnig birtast neðst á forsíðu á hnitmiðuðu formi yfir vetrarmánuðina.
- Rétt er að athuga hvort ástæða er til að birta gögn frá öldudufnum á vefnum. Kröfurnar gætu verið:
 - Hægt er að skoða í lista nýjustu upplýsingar frá öldudufnum við Ísland. Ölddufl sem ná tiltekinni ölduhæð eru merkt sérstaklega í listanum, t.d. með lit, tákni, leturstærð eða öðru.
 - Fyrir hvert ölddufl er hægt að skoða á línuriti breytingar á ölduhæð og sveiflutíðni síðustu 24 klst.
 - Á sömu síðu er hægt að skoða í lista nýjustu veðurathuganir frá strandstöðvum. Veðurstöðvar þar sem vindur nær tilteknum hraða eru merkt sérstaklega í listanum, t.d. með lit, tákni, leturstærð eða öðru.
 - Frá hverri strandstöð er millivísun í veðurathugunarsíðuna fyrir viðkomandi stöð.

5. Jarðskjálftar og eldgos

5.1. Helstu kröfur

Ábendingar í viðhorfskönnuninni um jarðskjálfta- og eldgosaupplýsingar voru innan við einn tíundi af ábendingum um veður. Þar með er freistandi að álíta að þessum efnisflokki séu einfaldlega gerð betri skil á vefnum en veðrinu. Önnur skýring er sú að þessi veigamikla starfsemi VÍ sé ekki nægjanlega sýnileg á vefnum. Niðurstaðan á fundum með starfsmönnum var sú að meginmarkmiðið yrði að vekja meiri athygli á þessari starfsemi VÍ.

Í ábendingum sem bárust var gjarnan beðið um að upplýsingar og gögn á síðunum yrðu almennt betur útskýrð. Einnig voru margir sem báðu um meiri almennan fróðleik. Notendur síðanna virðast vera sáttir við jarðskjálftakortið og skjálftavefsjána.

Lagt er upp með þessar meginkröfur:

- Litla en vel nothæfa útgáfu af jarðskjálftakortinu verður að finna á forsíðu. Þetta er sennilega einfaldasta og áhrifaríkasta leiðin sem völ er á til að vekja athygli á þessari starfsemi VÍ.
- Teknar verða saman hnitmiðaðar útskýringar og gott safn fróðleiks um efnið. Hugað verður að því að nota vandlega skrifaðar millivísanir (sjá kafla 2.2.1 og 2.3) til að benda á útskýringarnar og fróðleikinn.

5.2. Vefflokkar

Lagt er til að vefflokkarnir verði:

- Jarðskjálftar
 - Landshlutakort
 - *Flokkar fyrir alla landshlutana*
 - Jarðskjálftalisti
 - Yfirlit
 - Vikuyfirlit
 - Ársyfirlit
 - Sögulegir skjálftar
 - Skjálftar um víða veröld
 - Jarðskjálftagögn
- Eldgos
 - Eldstöðvar
 - Hekla
 - Katla
 - Vatnajökull
 - Aðrar eldstöðvar
 - Eldgos um víða veröld
- Skjálftavefsjá
- Skráningarform fyrir jarðvá
- Óróamælingar
- Þenslumælingar
- GPS mælingar
- Sérstakt eftirlit
 - Mýrdalsjökull
 - Jökulhlaup
 - *og fleiri flokkar*
- Mælistöðvar
- Rannsóknarverkefni
- Aðrar stofnanir
- Fróðleikur

- Í neyð – viðbrögð við náttúruvá
- Frekari útskýringar
- Jarðskjálftar
- Eldgos
- Landbreytingar
- Þensla

5.3. Jarðskjálftar


- ❑ Á forsiðu vefsins er jarðskjálftakort. Af því er vísun á þennan flokk. Sjá kafla 3.
- ❑ Jarðskjálftakort er það fyrsta sem notendur sjá þegar þeir velja meginflokkinn Jarðskjálftar og eldgos. Kortið er að flestu leyti eins og það er nú.
 - Það sýnir síðustu 48 klst. og uppfærast á 5 mín.fresti.
 - Litur punktanna sýnir hversu langt er síðan jarðskjálftar urðu.
 - Skjálftar stærri en 3 eru táknaðir með grænum stjörnum.
 - Stærstu jöklarnir eru merktir inn á Íslandskortið. Landshlutakortin innihalda meiri upplýsingar, t.d. hæðarlínur, vötn og ár.
 - Til hliðar við kortið eða á því kemur fram að þetta séu óyfifarnar niðurstöður úr sjálfvirkri úrvinnslu.
- ❑ Til hliðar við kortið birtast útskýringar á litakóðum.
- ❑ Útlínur landshluta eru merktar með daufum línunum inn á Íslandskortið. Með því að smella á kortið opnast viðkomandi landshlutasíða.
- ❑ Landshlutasíðurnar hafa sömu virkni og aðal-jarðskjálftakortasíðan, fyrir utan að ekkert gerist ef stutt er á kortin á þeim síðum.
- ❑ Fyrir neðan kortið er jarðskjálftarit. Það er einskonar súlurit þar sem x-ásinn er tíminn (48 klst) og y-ásinn er stærð skjálftanna. Með því að skima jarðskjálftaritið er á svipstundu hægt að átta sig á hvenær jarðskjálftahrina varð. Einnig hvort hrina er í rénun eða er hugsanlega vaxandi og hvenær stórir skjálftar urðu.
- ❑ Fyrir neðan jarðskjálftaritið er hægt að skoða lista af skjálftum. Hægt er að velja að skoða alla skjálfta tímabilsins, eða skjálfta stærri en 1, 2, 3 eða 4.
- ❑ Í listanum birtast sömu upplýsingar og nú eru birtar. Sömu titlar eru einnig notaðir.
- ❑ Áfram er hægt að skoða nákvæmar upplýsingar fyrir hvern skjálfta líkt og nú er mögulegt.

5.3.1. Skjámynd

Mynd 5-1 sýnir tillögu að framsetningu á jarðskjálftakorti. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Skýrt kemur fram á síðunni hvenær upplýsingarnar voru gerðar.
2. Skýrt kemur fram á síðunni eða kortinu að um er að ræða óyfifarnar niðurstöður úr sjálfvirkri úrvinnslu.
3. Útlínur landshlutakorta eru merktar inn á Íslandskortið. Með því að styðja á svæðið opnast viðkomandi kort á nýrri síðu.
4. Jarðskjálftar < 3 eru merktir með punktum sem breyta litum eftir aldri.
5. Jarðskjálftar >= 3 eru merktir með grænni stjörnu.
6. Á kortinu kemur fram hvenær það var gert.

7. Helstu leiðbeiningar um hvernig lesa skuli af kortinu eru settar fram á myndrænan hátt undir því.
8. Hægt er að velja landshlutakort af fellivalmynd
9. Skjálftaritið styður vel við upplýsingarnar á skjálftakortinu.
10. Notandinn getur skoðað lista með upplýsingum um skjálftana síðustu 48 tímana. Hægt er að velja alla skjálfta eða skjálfta sem ná ákveðinni stærð.
11. Skjálftalistinn birtist neðst á síðunni eftir að notandinn hefur valið stærð skjálfta og stutt á skoða-hnappinn.



Mynd 5-1 Jarðskjálftakort af Íslandi og jarðskjálftarit.

5.4. Jarðskjálftalisti

- Á síðunni birtist listi í tímaröð – nýjustu fyrst – yfir skjálfta sem hafa mælst síðustu 48 klst.
- Listinn uppfærast jafnoft og jarðskjálftakortið.

5.5. Yfirlit

Vikuyfirlitin birtast á sama hátt og áður. Mánaðar- og árskort bætast við fljótlega. Um er að ræða venjulegan veftexta og myndir, þ.e.a.s. þetta eru ekki dýnamísk gögn.

- Vikuyfirlitin hafa keimlíka uppsetningu og nú er. Íslandskort, sem sýnir jarðskjálftana, er efst. Fyrir neðan kortið eru vísanir á landshlutakort. Neðst er fjallað um virknina í texta.
- Hægt er að skoða eldri vikuyfirlit úr lista. Sjá kafla 2.2.2.

5.6. Sögulegir skjálftar

- Á einni eða fleiri síðum birtist texti og myndir um sögulega skjálfta.

5.7. Skjálftar um víða veröld

- Á einni eða fleiri síðum birtist texti og myndir um skjálfta erlendis.

5.8. Jarðskjálftagögn

- Á einni eða fleiri síðum birtist texti og myndir með ýmiskonar jarðskálftagögnum..

5.9. Eldgos

- Á síðunni birtist Íslandskort með helstu eldstöðvum.
- Hægt er að velja eldstöð með því að styðja á kortið eða velja það úr fellivalmynd fyrir neðan kortið. Upplýsingarnar um viðkomandi eldstöð birtast á nýrri síðu.
- Á einni eða fleiri undirsíðum birtist texti og myndir um eldstöðvar.
- Ef og þegar eldgos verða er í þessum vefflokki sett upp síða þar sem nýjar upplýsingar og myndir eru settar inn um leið og þær berast. Á forsíðunni er gert ráð fyrir reit þar sem titill og smámynd eru sett inn til að vísa á þessa síðu á meðan eldgosíð stendur yfir. Sjá einnig kafla 3.1

5.10. Skjálftavefsjá

- Þegar skjálftavefsjá er valin opnast nýr gluggi með skjálftavefsjánni líkt og nú er.

5.11. Skráningarform fyrir jarðvá

- Notendur geta sent inn upplýsingar um jarðvá sem þeir verða varir við. Eftirfarandi svið eru í innsláttarforminu. Til að hægt sé að senda inn upplýsingarnar þarf að fylla inn í öll svið sem ekki eru valfrjáls.
 - Nafn
 - Sími
 - Netfang (valfrjálst)

- Staður þar sem vart var við jarðvá
- Dagsetning og tími jarðvár
- Lýsing á jarðvá
- Myndir (valfrjálst)

Hægt er að senda inn allt að 10 myndir

5.12. Óróamælingar

- Þegar óróamælingar eru valdar opnast nýr gluggi með óróamælingunum á gamla vefnum. Slóðin er: <http://hraun.vedur.is/ja/oroi/index.html>
- Óróamælingarnar verða síðar útfærðar fyrir Eplica viðmótið (sjá einnig kafla 5.21).

5.13. Þenslumælingar

- Þegar þenslumælingar eru valdar opnast nýr gluggi með þenslumælingunum á gamla vefnum. Slóðin er: <http://hraun.vedur.is/ja/strain/index.html>
- Þenslumælingarnar verða síðar útfærðar fyrir Eplica viðmótið (sjá einnig kafla 5.21).

5.14. GPS mælingar

- Þegar gps-mælingar eru valdar opnast nýr gluggi með gps-mælingunum á gamla vefnum. Slóðin er: <http://hraun.vedur.is/ja/gps.html>
- GPS-mælingar verða síðar útfærðar fyrir Eplica viðmótið (sjá einnig kafla 5.21).

5.15. Sérstakt eftirlit

Í undirflokkum þessa vefflokks eru settar síður fyrir sérstakt eftirlit sem viðhaft er tímabundið eða til lengri tíma fyrir ákveðna staði. Að mestu leyti er þetta venjulegur veftexti og myndir, en einnig getur verið um að ræða dýnamískt efni. Framsetning og tæknileg útfærsla er ákveðin í hverju tilfalli.

- Í þessum vefflokki er yfirlit um staðina sem eru undir sérstöku eftirliti. Þar er fjallað um ástæðurnar fyrir eftirlitinu og vísað í viðkomandi undirflokk.

5.16. Mælistöðvar


- Notendur geta skoðað upplýsingar um allar jarðskjálfta-, þenslu- og gps-mælistöðvar. Hægt er að velja þær af korti eða lista.

5.16.1. Skjámynd

Mynd 5-2 sýnir tillögu að framsetningu á stöðvaupplýsingum. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Hægt er að velja hvaða flokkur stöðva birtist á kortinu.
2. Stöðvarnar birtast sem punktar á kortinu.
3. Þegar bendillinn er færður yfir punkt birtist nafn stöðvarinnar.
4. Hægt er að velja stöðvar með því að styðja á stöðvar á kortinu eða velja þær úr fellivalmynd.
5. Þegar stöð er valin birtast upplýsingar um hana fyrir neðan kortið.

6. Þegar mælinga-vefflokkarnir hafa verið útfærðir í Eplica verður millivísun á mælingarnar héðan.
7. Upplýsingarnar fyrir stöðvarnar eru í texta og myndum.



Mynd 5-2 Óróa-, þenslu- og GPS-mælistöðvar.

5.17. Rannsóknarverkefni

- Í máli og myndum á mörgum síðum er fjallað um rannsóknarverkefni sem VÍ hefur komið að á þessu sviði.

5.18. Aðrar stofnanir

- Á einni síðu eru teknar saman vísanir á aðrar stofnanir. Þær eru flokkaðar eftir tegundum.

5.19. Fróðleikur

- Í nokkrum undirvefflokkum er í máli og myndum á mörgum síðum fjallað um ýmsan fróðleik er varða jarðskjálfta, eldgos o.þ.h.
- Í fyrsta undirflokki er fjallað um hvernig bregðast skuli við náttúruvá í neyð.

5.20. Hönnunatriði

- Þetta tækifæri má nota til að endurskoða litakóða á jarðskjálftakorti ef ástæða þykir.

5.21. Í síðari útgáfum

- Lagt er til að mánaðaryfirlit og ársyfirlit bætist við yfirlitin í síðari útgáfum vefsins.
- Lagt er til að viðmót fyrir óróa-, þenslu- og gps-mælingar verði hannað og útfært fyrir Eplica vefumsjónarkerfið í síðari útgáfum.

6. Ofanflóð

6.1. Helstu kröfur

Í viðhorfskönnuninni og á hugmyndafundunum kom fátt fram sem sérstaklega á við um ofanflóð. Kröfurnar í þessum kafla komu fram á fundum með verkefnahópi um framsetningu ofanflóða á vefnum.

6.2. Vefflokkar

Lagt er til að vefflokkarnir verði:

- Viðbúnaður og rýmingaráætlanir
- Hættumat
- Snjóflóðasaga
 - Yfirlit veturs
- Skráningarform fyrir snjóflóð
- Varnarvirki
- Lög og reglugerðir
- Fróðleikur
 - Í neyð – viðbrögð við snjóflóðum
 - Heimildir
 - Tenglar
 - Veður sem valda snjóflóðum


6.3. Viðbúnaður og rýmingaráætlanir

- ❑ Það fyrsta sem notandinn sér þegar hann skoðar Ofanflóða-vefflokkinn eru upplýsingar um viðbúnað vegna ofanflóða sem í gildi eru á þeim tíma. Þessar upplýsingar eru áberandi og eiga ekki að geta farið framhjá notendum.
- ❑ Eftirfarandi stig eru notuð um viðbúnað vegna ofanflóða:
 - Viðbúnaðarstig
 - Hættustig
 - Almenn viðvörðun
- ❑ Upplýsingar um viðbúnað eru settar fram í lista, þær nýjustu fyrst. Sé enginn viðbúnaður í gangi birtist texti um það. Í hverju atriði listans birtist staðlaður texti með upplýsingum um:
 - Bæjarfélag eða stað þar sem viðbúnaður er í gildi
 - Stig viðbúnaðar sem er í gildi
 - Vísun í rýmingaráætlun fyrir viðkomandi stað.
- ❑ Þegar viðbúnaður er í gangi birtist viðvörðun um það á forsiðu vefsins. (Sjá einnig kafla 3.1) Þar birtist viðbúnaðarástand, landsvæði og millivísun í þennan vefflokk þar sem staðsetningar eru nánar skilgreindar þegar um er ræða hættustig.. Sem dæmi væri talað um hættustig á Austurlandi á forsiðu, en í þessum vefflokki gætu verið tvö atriði, annarsvegar hættustig á Seyðisfirði og hinsvegar hættustig í Neskaupstað.
- ❑ Notendur geta með auðveldum hætti skoðað rýmingargreinargerðir með rýmingarkorti fyrir þá staði sem slíkt hefur verið unnið. Þeir geta bæði valið staði með því að styðja á kort eða valið úr stafrófsröðuðum lista.

6.3.1. Skjámynd

Mynd 6-1 sýnir tillögu að framsetningu á þessum flokki. Tillöguna þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Viðbúnaðarstigið birtist efst á síðunni. Notaður er áberandi rammi og letur til að þessar upplýsingar fari ekki framhjá notendum. Sé enginn viðbúnaður í gangi birtist venjulegur texti í rammanum þess efnis.
2. Þeir staðir þar sem rýmingaráætlanir hafa verið gerðar eru merktir á kort. Nafn staðanna birtist einnig.
3. Með því að styðja á punkt eða nafn staðarins geta notendur skoðað rýmingaráætlun.
4. Einnig er hægt að velja rýmingaráætlun úr fellivalmynd.
5. Þegar síðan birtist í upphafi er ekkert fyrir neðan kortið og stýrieiningarnar. Þegar notendur velja stað birtist rýmingaráætlunin þarna fyrir neðan.
6. Efst er hnappur eða vísun á rýmingarkortið. Það birtist sem pdf-skjal í nýjum glugga.
7. Rýmingaráætlunin birtist sem texti.



Mynd 6-1 Framsetning á viðbúnaðarstigi og rýmingaráætlun.


6.4. Hættumat

- Notendur geta með auðveldum hætti fundið öll skjöl sem varða hættumat fyrir þá staði sem hættumat hefur verið unnið. Þeir geta bæði valið staði af korti eða úr lista.

6.4.1. Skjámynd

Mynd 6-2 sýnir tillögu að framsetningu á hættumati. Tillögunum þarf að útfæra nánar í hönnunarfasa. Helstu atriði eru þessi (þau eru merkt inn á myndina):

1. Þeir staðir þar sem hættumat hefur verið gert eru merktir á kort. Nafn staðanna birtist einnig.
2. Með því að styðja á punkt eða nafn staðarins geta notendur skoðað hættumat.
3. Einnig er hægt að velja hættumat úr fellivalmynd.
4. Þegar síðan birtist í upphafi er ekkert fyrir neðan kortið og stýrieiningarnar. Þegar notendur velja stað birtist hættumatið þarna fyrir neðan.
5. Efst í hættumatinu er staða þess. Framsetning þess er áberandi.
6. Næst er hnappur eða vísun á hættumatskort. Það birtist sem pdf-skjal í nýjum glugga.
7. Öll skjöl sem varða hættumatið birtast í töflu. Þau opnast sem pdf-skjöl í nýjum glugga.
8. Neðst eru upplýsingar um gerð hættumatsins, hverjir unnu að því o.s.frv.



Mynd 6-2 Framsetning á hættumati.

6.5. Snjóflóðasaga

- Notendur geta skoðað snjóflóðasögu fyrir ákveðna staði af einni síðu.
- Öll skjölin eru pdf-skjöl.
- Fyrir hvern stað er vísað í eitt meginskjal og ítarefni í öðrum skjölum.
- Í undirflokki er hægt að skoða yfirlit hvers veturs fyrir sig.
- Hægt er að skoða eldri yfirlit úr lista (sjá kafla 2.2.2).

6.6. Skráningarform fyrir snjóflóð

- Notendur geta sent inn upplýsingar um fallin snjóflóð. Eftirfarandi svið eru í innsláttarforminu. Til að hægt sé að senda inn upplýsingarnar þarf að fylla inn í öll svið sem ekki eru valfrjáls.

- Nafn
- Heimili (valfrjálst)
- Símanúmer
- Netfang (valfrjálst)
- Einvalshnappar:
 - i. Sá það falla
 - ii. Kom að því föllnu
 - iii. Frétti af því
- Dagsetning og tími sem vart var við flóðið.
- Dagsetning og tími sem talið er að flóðið hafi fallið.
- Lýsing á staðsetningu flóðsins.
Leiðbeinandi texti:
Þannig að maður sem EKKI er staðkunnugur átti sig á staðsetningunni.
Skrá hvar flóðið stöðvast, einnig upptök, ef þekkt eru.
- Myndir (valfrjálst)
Hægt er að senda inn allt að 10 myndir
- GPS punktur fyrir staðsetningu flóðsins (valfrjálst)
- Lenti fólk í flóðinu? (valfrjálst)
- Slasaðist einhver? (valfrjálst)
- Tjón af völdum flóðsins? (valfrjálst)
- Er vitað hvað kom flóðinu af stað? Einvalshnappar (valfrjálst)
 - i. Náttúrulegt
 - ii. Umferð, t.d. gangadi fólk eða vélsleðar
 - iii. Annað
 - iv. Óþekkt
- Eðli hreyfingar í upphafi. Einvalshnappar (valfrjálst)
 - i. Byrjar í einum punkti (lausasnjóflóð)
 - ii. Byrjar með brotlínu (flekasnjóflóð)
 - iii. Blandað
- Staðsetning skriðflatar (flöturinn sem flóðið rennur á). Einvalshnappar (valfrjálst)
 - i. Í skaflinum
 - ii. Á jörðu
 - iii. Blandað
- Lögun snjóflóðafarvegsins Einvalshnappar (valfrjálst)

- i. Óafmarkaður farvegur – opið svæði
 - ii. Afmarkaður farvegur (að mestu) – t.d. gil
 - iii. Blandað
- Form hreyfingar Einvalshnappar (valfrjálst
 - i. Í lofti – kófhlaup
 - ii. Fylgir jörðu/snjónum, þ.e. flæði og/eða rennsli
 - iii. Blandað
 - iv. Óþekkt
 - Stærð (Öll sviðin valfrjál)
 - Áætluð meðalbreidd snjóflóðatungunnar
 - Áætluð mesta breidd snjóflóðatungunnar
 - Áætluð lengd snjóflóðatungunnar
 - Áætluð meðalþykkt snjóflóðatungunnar
 - Áætluð mesta þykkt snjóflóðatungunnar
 - Annað:
Opið textasvið fyrir hvað það sem skrásetjari vill segja um flóðið

6.7. Varnarvirki

- Á einni eða fleiri síðum birtast ýmsar upplýsingar um varnarvirki.

6.8. Lög og reglugerðir

- Á einni eða fleiri síðum birtast upplýsingar um lög og reglugerðir sem gilda um ofanflóð. Að hluta til eru þetta vísanir í upplýsingar á síðum Alþingis.

6.9. Fróðleikur

- Í nokkrum undirvefflokkum er í máli og myndum á mörgum síðum fjallað um ýmsan fróðleik er varðar ofanflóð.
- Helstu undirflokkar eru:
 - Í neyð – viðbrögð við snjóflóðum
 - Heimildasafn
 - Tenglasafn
 - Veður sem valda snjóflóðum

6.10. Í síðari útgáfum

- Lagt er til að útfæra leitarvélar-viðmót fyrir snjóflóðasöguna sem yrði að finna í vefflokknum Snjóflóðasaga.

7. Loftslag

7.1. Helstu kröfur

Í umfjöllun framkvæmdastjórnar um þetta skjal kom fram tillaga um að bæta við vefflokki um loftslag og loftslagsbreytingar. Halldór Björnsson vann tillögu að uppbyggingu vefflokksins og skrifaði þennan kafla.

Hér er gert ráð fyrir að verði efnisflokkur tengdur hnattrænum breytingum. Gengið er út frá því að þessar síður verði helsta upplýsingaveita almennings og fjölmiðla um loftslagsbreytingar hér á landi. Til þess að svo megi verða þarf tvennt.

- Greinargóðar upplýsingar um loftslagsbreytingar hnattrænar og á okkar nærsvæði. Eðlilegt er að brjóta þetta niður í þrjá þætti: hvað hefur gerst, hverju er um að kenna og hverjar eru líklegar afleiðingar (Skýrslur IPCC eru álíka að uppbyggingu). Mikið af þessu efni er þegar til, en það þarf að safna því saman og samræma.
- Stuttar greinar um efni sem eru ofarlega á baugi hverju sinni.

7.2. Vefflokkar

- Loftslagsbreytingar fyrr og nú
- Hvað eru gróðurhúsaáhrif
- Afleiðingar aukinna gróðurhúsaáhrifa
- Efst á baugi

7.3. Loftslagsbreytingar fyrr og nú

Hér verður gefið yfirlit um sögu loftslagsbreytinga, með mesta áherslu á síðusta árhundruð, en þó verður stuttlega rætt um fornveðurfar (heita jörð til forna, ísaldir og breytileika veðurfars á hlý og kuldaskiðum, loftslag á nútíma). Efnið verður brotið niður í nokkra kafla, en einnig verður hægt að hlaða því niður sem PDF skjali.

7.4. Hvað eru gróðurhúsaáhrif

Stutt yfirlit um gróðurhúsaáhrif og hvernig þau hækka hita jarðar nú þegar um rúmlega 30 gráður.

7.5. Afleiðingar aukinna gróðurhúsaáhrifa

Hér verður rætt um líkananiðurstöður IPCC skýrslunar ofl. Rætt um óvissu í spám ofl. Einhverja umræðu þarf um áhrif á vatnafar, gróðurfar, lífríki oþh. Þó slíkt sé strangt tiltekið ekki á sviði VÍ.

7.6. Efst á baugi

Hér verður svarað ýmsum spurningum sem eru ofarlega á baugi. Dæmi um efni sem mætti ræða þegar vefurinn fer í loftið eru:

- Hverfa jöklar á Íslandi?
- Er líklegt að golfstraumurinn breytist?
- Umræðan um gróðurhúsaáhrif (Hvar á að leita heimilda?)
- Rökkvun
- Áhrif hlýnunnar á fellibylji og tíðni þeirra.

Gert er ráð fyrir að 7.3 - 7.5 breytist lítið, en efni sé sífellt bætt inn í 7.6. Það efni verður þá jafnframt að fréttaskoti á forsíðu vefsins.

8. Hafís

8.1. Helstu kröfur

Nánast ekkert kom fram varðandi hafís í viðhorfskönnuninni og á hugmyndafundum. Það er þó óvíst að notendum vefsins sé sama um hafísupplýsingar eða sjái ekki ástæðu til að bæta framsetningu þeirra. Líklegra er að þetta sé vegna þess að könnunin og fundirnir voru haldnir í mánuðum þegar hafísinn var fjarri landi.

Kröfurnar í þessum kafla komu fram á fundum með verkefnahópi um framsetningu hafíss á vefnum. Niðurstaðan var í meginatriðum sú að hafa sömu efnisatriði á vefnum en bæta við skráningarformi fyrir hafís.

Allt efni í þessum vefflokkum (fyrir utan skráningarformið) er sett handvirkt inn í vefkerfið þegar það berst til VÍ.

Eftir er að athuga hvort hægt sé að birta gervihnattamyndir hér einnig, SAF að vetrarlagi, og hugsanlega NASA Aqua/Terra mynd að sumarlagi. Síðari hlutann þarf þó að handvinna.

8.2. Vefflokkar

- Ískort Landhelgisgæslunnar
- Skýrslur Landhelgisgæslunnar
- Ískort frá dönsku veðurstofunni
- Skipatilkynningar
- Hafistilkynningar
- Skráningarform fyrir hafís
- Ískortasafn
- Mánaðaryfirlit
- Fróðleikur
 - Myndasafn
 - Tenglar

8.3. Ískort Landhelgisgæslunnar

- Á síðunni birtist nýjasta ískort íslensku landhelgisgæslunnar.
- Hægt er að skoða eldri ískort úr lista (sjá kafla 2.2.2).

8.4. Skýrslur Landhelgisgæslunnar

- Á síðunni birtist nýjasta ísskýrsla íslensku landhelgisgæslunnar. Þetta er mynd af skýrslunni með undirritun flugmanns.
- Hægt er að skoða eldri skýrslur úr lista (sjá kafla 2.2.2).

8.5. Ískort frá dönsku veðurstofunni

- Á síðunni birtist nýjasta ískort dönsku veðurstofunnar.

8.6. Skipatilkynningar

- Á síðunni birtist kort þar sem búið er að merkja inn haf- og borgaristilkynningar.
- Hægt er að skoða eldri kort úr lista (sjá kafla 2.2.2).

8.7. Hafistilkynningar

- Á síðunni birtast tilkynningar sem hafa borist á yfirstandandi ári.
- Hægt er að skoða tilkynningar fyrri ára úr lista (sjá kafla 2.2.2).

8.8. Skráningarform fyrir hafis

- Notendur geta sent inn upplýsingar um hafis sem þeir sjá. Eftirfarandi svið eru í innsláttarforminu. Til að hægt sé að senda inn upplýsingarnar þarf að fylla inn í öll svið sem ekki eru valfrjálst.
 - Nafn athuganda
 - Sími athuganda
 - Netfang athuganda (valfrjálst)
 - Dagsetning athugunar
 - Athugunarstaður
 - GPS hnit íssins (valfrjálst)
 - Tegund íss (einvalshnappar):
 - i. Hafis
 - ii. Borgarís
 - iii. Lagnaðarís á fjörðum
 - Nánari lýsing á ís - ábendingar: þéttleiki, stærð og hæð ísjaka, fjarlægð til íssins.
 - Myndir (valfrjálst)
Hægt er að senda inn allt að 5 myndir

8.9. Mánaðaryfirlit

- Nýjasta mánaðaryfirlitið birtist á síðunni. Það samanstendur af venjulegum veftexta og myndum.
- Hægt er að skoða eldri yfirlit úr lista (sjá kafla 2.2.2).

8.10. Fróðleikur

Í nokkrum undirvefflokkum er í máli og myndum á mörgum síðum fjallað um ýmsan fróðleik er varða hafis.

8.11. Í síðari útgáfum

- Skoða þarf hvernig hægt er að nota Visual Weather til að framleiða iskort með öllum fyrirliggjandi gögnum um ís.
- Í síðari útgáfu er æskilegt að fólk geti sjálft valið sér tímabil og plottaðist þá kort sem sýndi útbreiðslu íssins á þeim tíma.

9. Óson, UV-geislun og mengun

9.1. Helstu kröfur

Þetta er sennilega sá hluti starfsemi VÍ sem almenningur þekkir hvað minnst enda fáir starfsmenn sem annast málaflokkinn, lítið efni þessu tengt á núverandi vef og málaflokkurinn sjaldan í fjölmiðlum. Eðlilega var því lítið fjallað um málaflokkinn í viðhorfskönnuninni og á hugmyndafundum.

Kröfurnar í þessum kafla komu fram á fundum með verkefnahópi um framsetningu þessa efnis á vefnum.

9.2. Vefflokkar

- Útfjólublá geislun (UV)
- Óson
- Mengun
 - Mælistaðir
 - Brennisteinn
 - Þungmálmar
 - Þrávirk lífræn efni
 - Kolefni
 - Óson við yfirborð
 - Vistfræði
- Fróðleikur

9.3. Útfjólublá geislun (UV)

VÍ er í samstarfi við nokkrar aðrar innlendar stofnanir um að þróa UV-spár fyrir Ísland nokkra daga fram í tímann. Sigrún Karlsdóttir er fulltrúi VÍ í þessu samstarfi. Nærri fullvíst er að VÍ getur birt þessar spár. Þær munu birtast í þessum vefflokki.

Þegar lengra líður á samstarfsverkefnið verður hægt að setja nákvæmar kröfur um hvernig birting spánna og annarra tengdra gagna skuli vera.

Gert er ráð fyrir að á forsiðu vefsins verði birt spágildi UV-stuðuls með grafískum hætti 2-4 daga fram í tímann.

- Grafísk framsetning á UV-stuðli byggist á grafík á eftirfarandi síðum:
http://www.who.int/uv/intersunprogramme/activities/uv_index/en/index1.html
http://www.who.int/docstore/peh-uv/UVIndex_Graphics/

9.4. Óson

- Efni í þessum vefflokki er uppfært handvirkt í vefkerfinu.
- Eftirfarandi síður er að finna í þessum vefflokki:
 - Ósonmagn
 - Efst á síðunni birtist síðasta mæling (mæling dagsins)
 - Neðar birtist ósonmagn í einstökum mánuðum 1957-2005 sem línurit eða stöplarit.
 - Þykkt ósonhjúpsins
 - Þetta eru grafískar myndir af þykkt ósonhjúpsins fengnar frá erlendum stofnunum.
 - Lóðrétt dreifing ósons
 - Þetta eru línurit sem nú er einungis að finna á enskum síðum vedur.is: <http://grenjandi.vedur.is:8080/ozone/>

- Ósonmagn í töfluformi

9.5. Mengun

- Efni í þessum vefflokkum er uppfært handvirkt í vefkerfinu.
- Í hverjum flokki er efnið sett upp á einni eða fleiri síðum eftir því sem hentar hverju sinni.

9.6. Fróðleikur

Í nokkrum undirvefflokkum er í máli og myndum á mörgum síðum fjallað um ýmsan fróðleik er varðar óson, UV-geislun og mengun.

9.7. Í síðari útgáfum

- Athuga þarf hvort ástæða er til að útfæra sjálfvirka birtingu úr gagnagrunni á einhverjum óson- eða mengunargögnum.

10. Um Veðurstofu Íslands

10.1. Helstu kröfur

Í viðhorfskönnuninni komu fram óskir um fréttir og fróðleik. Á hugmyndafundum komu fram sams konar ábendingar, einnig óskir um staðlaðar upplýsingar um starfsfólk, leitarvél til að finna útgefið efni VÍ og upplýsingar um staðsetningu VÍ.

10.2. Vefflokkar

Lagt er til að vefflokkarnir verði:

- Fréttir
- Útgáfa
 - Rit og greinargerðir
 - Erindi
 - Ársskýrsla
- Opnunartímar og staðsetning
- Hafa samband
- Starfsfólk
- Skipurit
- Laus störf
- Þjónusta
 - Bókasafn
 - Sérþjónusta
 - Gjaldskrá
- Hlutverk, lög og reglugerðir
- Notkunarskilmálar
- Saga Veðurstofu Íslands

10.3. Fréttir

Inngangur að hverri nýrri frétt er á forsíðunni. Í inngangi hverrar fréttar er titill, dagsetning, samantekt, lítil mynd ef við á og vísun í meginefni fréttarinnar. Sjá nánar kafla 3. Öll fréttin með meginefni birtist í þessum vefflokki.

- ❑ Þegar vefflokkurinn er opnaður birtist listi af inngangi fréttar, nýjustu fyrst. Í listanum birtist fyrirfram ákveðinn fjöldi. Þar eru töluvert fleiri inngangar en birtast á forsíðunni.
- ❑ Þegar vísað er í tiltekna frétt úr fréttalista birtist öll fréttin á síðu, ein og sér. Til viðbótar við innganginn birtist meginefni fréttarinnar og nafn höfundar.
- ❑ Eldri fréttir eru flokkaðar eftir árum og mánuðum. Á þægilegan hátt er hægt að skoða fréttir sem skrifaðar voru í hverjum mánuði.
- ❑ Fréttir eru *ekki* sérstaklega merktar eða flokkaðar eftir efni.

10.4. Útgáfa

Útgáfa VÍ er flokkuð í eftirfarandi flokka á vefnum:

- Rit og greinargerðir. Þetta eru hverskonar ritverk og greinargerðir starfsmanna VÍ. Þau eru á PDF-formi.
- Erindi sem starfsmenn VÍ hafa haldið á ráðstefnum, fundum, o.þ.h. Þetta eru glærur og ýmis styttri skjöl. Þau eru á margskonar formi, oftast þó Powerpoint eða PDF.

- Ársskýrsla á PDF-formi.

Það þarf að ihuga hvernig uppsetningin og flokkun á þessu efni á að vera. Það þarf að athuga hvort til eru sérstakar einingar í Eplica fyrir svona skjalasöfn

10.5. Opnunartímar og staðsetning

- Á einni eða fleiri síðum birtast allir opnunartímar og upplýsingar um staðsetningu allra aðsetra VÍ.

10.6. Hafa samband

- Á einni síðu eru öll netföng, símar, fax, o.þ.h. sem ætlast er til að fólk noti. Allar þessar upplýsingar birtast þarna jafnvel þótt þær birtast einnig annarsstaðar.
- Fyrst koma netföng, síðan koma símar.
- Efsta símanúmerið er Veðursíminn. Það er meira áberandi en annað á síðunni.
- Á þessari síðu eru einnig vísanir í innsláttarform á öðrum síðum þar sem fólk getur slegið inn ýmsar upplýsingar. Þau eru:
 - Ábending um vefinn. (sjá kafla 10.11)
 - Umsókn um veðurvottorð. (sjá kafla 4.10)
 - Skráning á veðurfyrirbrigði. (sjá kafla 4.12)
 - Skráning á hafis. (sjá kafla 8.8)
 - Skráning á snjóflóði (sjá kafla 6.6)

10.7. Starfsfólk

- Allt starfsfólk VÍ birtist í stafrófsröðuðum lista.
- Í listanum er:
 - Nafn
 - Starfsheiti
 - Símanúmer
 - Netfang (á forminu: „nafn (há) vedur.is”)
 - Deild
 - Aðsetur
- Hægt er að endurraða listanum eftir öllum atriðum.
- Fyrir hvern starfsmann er hægt að kalla upp viðbótarupplýsingar. Í sviga eru valfrjálsar upplýsingar. Starfsfólk ræður sjálf hvort valfrjálsar upplýsingar eru birtar á vefnum.
 - (Mynd)
 - Menntun
 - (Nánari upplýsingar um menntun)
 - (Sérþekking)
 - (Verksvið)
 - (Helstu verkefni)
 - Svið
 - (GSM-sími)

- (Ritaskrá) Þarna eru vísanir í skjölin í vefflokknum Útgáfa
- Viðbótarupplýsingarnar birtast inni í listanum fyrir neðan nafn viðkomandi starfsmanns, eða í sérstökum smá-glugga. Þannig þarf ekki að styðja á tilbaka hnappinn til að skoða samtímis upplýsingar um annað starfsfólk.

10.8. Skipurit

- Stór, auðlæsileg mynd af skipuritinu birtist á síðunni.
- Frá nöfnum á myndinni eru vísanir í svið og deildir og á viðkomandi starfsmann í starfsmannalistanum.

10.9. Laus störf

- Upplýsingar um laus störf birtast eða texti um að engin störf séu laus.

10.10. Þjónusta

Hér er almenn umfjöllun um þá þjónustu sem VÍ veitir og millivísanir í sérhæfðar þjónustusíður þar sem fólk getur sótt um eða keypt þjónustu. Dæmi um sérhæfðar þjónustusíður er umsóknarsíða um veðurvottorð. (Sjá kafla 4.10.)

Í undirflokkum er:

- Ein eða fleiri síður með umfjöllun um bókasafnið.
- Ein eða fleiri síður með umfjöllun um sérþjónustu.
- Síða með gjaldskrá VÍ.

10.11. Um vefinn

- Á einni eða fleiri síðum er að finna:
 - Umfjöllun um fyrirliggjandi viðbætur við vefinn
 - Umfjöllun um hönnun vefsins og nokkrar ástæður vegna vals á útfærslum.
 - Skráningarform til að skila inn tilkynningum um villur og hnökra, ásamt óskum um breytingar og viðbætur. Hér getur fólk skrifað inn: Nafn (valfrjálst), netfang (valfrjálst), sími (valfrjálst) og ábending.

10.12. Hlutverk, lög og reglugerðir

- Á einni eða fleiri síðum birtast upplýsingar um hlutverk ásamt lögum og reglugerðum sem gilda um VÍ. Að hluta til eru þetta vísanir í upplýsingar í ráðuneytissíður og vef Alþingis.

10.13. Notkunarskilmálar

- Á einni eða fleiri síðum er fjallað um notkunarskilmála vefsins.

10.14. Saga Veðurstofu Íslands

- Á einni eða fleiri síðum er fjallað um sögu VÍ í máli og myndum.

10.15. Hönnunatriði

Eftirfarandi atriði þarf að taka fyrir í hönnunaráfanganum.

- Ákveða hvernig ritstjórn fréttu skuli háttáð. Einn eða fleiri starfsmenn þurfa að vera ábyrgir fyrir því að fréttir séu skrifaðar þegar ástæða er til og að gæði fréttu séu fullnægandi.
- Ákveða hvernig ábendingar um vefinn skuli meðhöndlaðar. Þetta þarf að vera í fðstum skorðum. Einnig þarf að þjálfa símaverði og vaktfólk í að taka niður ábendingar um vefinn sem berast símleiðis og skrá með skráningarformi.

10.16.Í síðari útgáfum

- Lagt er til að bæta við vefflokknum Mælistöðvar VÍ. Þar væri sama virkni og í kafla 4.8 nema hvað hér yrði hægt að skoða allar tegundir af mælistöðvum á einum stað.

11. Lófatölvusíður

11.1. Helstu kröfur

Eins og fram kemur í kafla 3.1 er vedur.is skipt í tvo vefhluta. Annars vegar myndrænan og efnismikinn vefhluta með íslenskri forsiðu sem svarar á slóðunum www.vedur.is og vedur.is. Hinsvegar léttan vefhluta fyrir hægar tengingar og ýmsar lófatölvur sem svarar á öðru undirléni, t.d. lofi.vedur.is. Hér er fjallað um þessar léttu lófatölvusíður.

Lófatölvusíðurnar komu ekki upp á hugmyndafundum né í viðhorfskönnuninni. Notkun núverandi lófatölvusíða er óveruleg. Það er hinsvegar ekki víst að allur almenningur sé meðvitaður um tilvist þeirra.

Mjög líklegt er að þörfin fyrir léttar síður muni aukast á næstu misserum. Helstu ástæður eru:

- Tilkoma gprs og annarra slíkra tenginga.
- Aukin notkun í gegnum dýrar tengingar, þ.m.t. gervihnattasamband.
- Aukið úrval af alls kyns lófatölvum sem nýta þessa tengimöguleika.
- Meira framboð á hagnýtum upplýsingum hér á vef VÍ.
- Það að framsetning á www.vedur.is verður eftirleiðis myndrænni og þyngri en verið hefur.

Að sama skapi er mjög líklegt að notkun á WAP muni minnka verulega við tilkomu fleiri tengimöguleika og betra úrval lófatölvva. Því er óhætt að setja meira efni á hverja síðu og nota html-tög í ríkari mæli en hingað til.

Lagt er upp með það að lófatölvusíðurnar verði sjálfstæður vefur á sérstöku undirléni. Gert er ráð fyrir að í fyrstu útgáfu verði síðurnar einungis á íslensku.

11.2. Forsíða og vefflokkar

Lagt er til að vefflokkarnir verði:

- Forsíða
 - Veður
 - Textaspár
 - Staðir
 - Kort
 - Sjóveður
 - Textaspár
 - Vindaspár
 - Flugveður
 - Jarðskjálftar
 - Snjóflóð
 - Hafís
 - UV-geislun
 - Fréttir

11.3. Kröfur

- ❑ Síðurnar eru flestar óháðar javascript og hafa lágmarks css-virkni. Það er hægt að skoða þær úr lang-flestum lófatölvum, gprs-símum og eldri vöfrum.
- ❑ Síðurnar hafa engar myndskreytingar. Kort, línurit, og annars konar myndir er haft á afmörkuðum síðum sem vísað sérstaklega á úr textasíðunum.

- ❑ Síðurnar hafa ekki fasta breidd og hægt er að skoða þær á grafískum farsíma-skjám.
- ❑ Efst á öllum síðum stendur Veðurstofa Íslands. Þar fyrir neðan er meginvefflokka-val, þar með talin vísun á forsíðu.

Eftirfarandi er yfirlit um efni vefflokkanna:

Forsíða	Á síðunni birtist - Viðvaranir frá VÍ birtast ofarlega á síðunni. - Stutt veðurspá fyrir landið (Veðurhorfur á landinu / Veðurhorfur á landinu næstu daga) - Titlar á nokkrum nýjustu fréttum (t.d. 3 nýjustu)
Veður	Á síðunni birtist valmynd fyrir veðursíðurnar
Veður/Textaspár	Allar textaspárnar fyrir utan sjóveðurspána birtast hér. Hver spá hefur eigin síðu.
Veður/Staðir	Á yfirlitssíðu birtist nafn á fjölmörgum veðurstöðvum. Efst birtast 10-15 þekktar stöðvar. Neðar birtast mun fleiri stöðvar flokkaðar eftir tegundum í strandstöðvar, hálendisstöðvar, o.s.frv. Hver stöð hefur eigin síðu þar sem fram kemur síðasta athugun og spá næstu 5 daga með 12 klst. bili á milli spátíma. Spárnar raðast niður síðuna. Fyrir athugunina og spárnar birtist grafískt veðurtákn, grafísk ór sem sýnir vindstefnu, tala fyrir vindstyrk og tala fyrir hita.
Veður/Kort	Sama kort og er á forsíðu www.vedur.is birtist hér. Einnig tilheyrandi stýrieiningar. Síðan notar javascript og css.
Sjóveður	Sjóveðurspárnar birtast á einni síðu.
Flugveður	Á síðunni birtist valmynd fyrir flugveðursíðurnar
Flugveður/ Flugveðurskilyrði	Sama og í kafla 4.6.7. Læst með kennitölu/lykilorði.
Flugveður/METAR	Sama og í kafla 4.6.8. Læst með kennitölu/lykilorði.
Flugveður/SIGMET	Sama og í kafla 4.6.9. Læst með kennitölu/lykilorði.
Flugveður/TAF	Sama og í kafla 4.6.10. Læst með kennitölu/lykilorði.
Flugveður/PIREP	Sama og í kafla 4.6.11. Læst með kennitölu/lykilorði. Hér er einnig hægt að skrá PIREP.
Jarðskjálftar	Á síðunni birtist listi jarðskjálfta síðustu 48 klst, nýjustu fyrst. Efst á síðunni er hægt að velja hvort birtir eru jarðskjálftar stærri en 2, 3 eða 4 á Richter.
Jarðskjálftar/Kort	Sama kort og er á forsíðu www.vedur.is birtist hér.

Snjóflóð	Á síðunni birtast snjóflóðaviðvaranir ef einhverjar eru, nýjustu fyrst, annars birtist viðeigandi texti.
Hafís	Á síðunni birtast hafistilkynningar yngri en vikugamlar, nýjustu fyrst, annars birtist viðeigandi texti.
UV-geislun	Á síðunni birtist UV-spá næstu daga.
Fréttir	Á síðunni birtist titill og samantekt síðustu 5 fréttar, nýjustu fyrst. Hver frétt birtist á eigin síðu.

11.4. Í síðari útgáfum

- Lagt er til að kanna betur hver þörfin er á lófatölvusíðum og bæta við þær í síðari útgáfum eftir þörfum.
- Vel mætti hugsa sér að farið yrði í samstarf við símafyrirtækin um nánari greiningu á þörfum notenda og möguleikum á útfærslu viðmóts fyrir nýrri farsíma á markaðnum.
- Æskilegt er að hægt sé að birta frjótöluathuganir og frjótöluspár hér.
- Hægt er að hugsa sér eftirfarandi vefflokk:

Sjóveður/Vindaspár	<p>Á yfirlitssíðu birtist listi af nefndum svæðum þar sem miðunum í kringum Ísland yrði skipt upp enn frekar.</p> <p>Hvert svæði hefur eigin síðu þar sem birt er vindaspá næstu 2 daga með 3 klst. bili á milli spátíma. Spárnar birtast niður síðuna. Gefinn er upp hæsti og lægsti vindstyrkur úr spálíkani fyrir svæðið. Gefin er upp meðaltalsvindátt í spálíkani fyrir svæðið. Dæmi um nokkrar línur í vindaspánni:</p> <p>Laugardagur 17 júní 2006 00:00 NNE 15-19 m/s 03:00 E 12-15 m/s</p>
--------------------	---

12. Á ensku

12.1. Kröfur

Enskar síður vefsins eru annarsvegar fyrir erlenda ferðamenn sem leggja leið sína til Íslands og hinsvegar fyrir erlenda vísindamenn sem VÍ er í samstarfi við. Hvorki var fjallað um enskar síður á hugmyndafundum né í viðhorfskönnuninni. Kröfur í þessum kafla byggja á samantekt vefhópsins.

Lagt er upp með að í þessari útgáfu verði ensku síðurnar takmarkaðar en bætt verði við þær eftir þörfum í síðari útgáfum.

- Ensku síðurnar fá sína eigin forsiðu og veftré. Veftréð verður að langmestu leyti eins og það íslenska fyrir utan að vefflokkum, sem ekki eiga að birtast á enskum síðum, er sleppt.
- Úr haus íslenska vefhlutans verður vísun í þá ensku og öfugt.
- Við hönnun og útfærslu dýnamískra síða er gert ráð fyrir að þær birtist bæði á íslensku og ensku.

12.2. Forsíða og vefflokkar

Lagt er til að vefflokkarnir verði:

- Forsíða
 - Weather
 - Forecast
 - Region maps
 - *Flokkar fyrir alla landshlutana*
 - Atlantic Ocean map
 - Text forecast
 - Current weather
 - Region maps
 - *Flokkar fyrir alla landshlutana*
 - Weather satellites
 - Weather radar
 - Web cameras
 - Sea forecast
 - Text forecast
 - Pressure charts
 - Weather satellites
 - General interest
 - Climate of Iceland
 - Earthquakes and Eruptions
 - Earthquakes
 - Region maps
 - *Flokkar fyrir alla landshlutana*
 - Earthquake list
 - Eruptions
 - General interest
 - Avalanches
 - Avalanche hazard
 - General interest
 - Sea ice
 - Ice chart from the Icelandic Coast Guard
 - Ice chart from DMI
 - Sea ice chart - ships reports
 - Monthly reports

- Entry form for sea ice reports
- General interest
- Ozon, UV Index and pollution
 - UV Index
 - General interest
- About the Icelandic Meteorological Office
 - News
 - Open hours and location
 - Get in contact
 - Personnel
 - Organisation chart
 - History of the Icelandic Meteorological Office

12.3. Í síðari útgáfum

Lagt er til að kanna betur hver þörfin er á enskum síðum og bæta við þær í síðari útgáfum eftir þörfum.

13. RSS veitur

RSS er staðall til að miðla úr upplýsingaveitum yfirliti fyrir liðandi stund. Hér eru teknar saman RSS veitur sem ástæða er fyrir VÍ að bjóða upp á.

Hægt er að lesa meira um RSS á eftirtölvum vefsíðum:

- <http://www.xml.com/pub/a/2002/12/18/dive-into-xml.html>
- <http://blogs.law.harvard.edu/tech/rss>
- <http://www.webreference.com/authoring/languages/xml/rss/intro/>

Mælt er með því að hafa RSS-veitur fyrir eftirfarandi:

Almennt

- Aðvaranir frá VÍ
- Fréttir frá VÍ

Veðurspár

- Textaspár fyrir landið
- Sjálfvirk veðurspá fyrir nokkrar helstu stöðvar

Veðurathugun

- Nýjasta veðurathugun fyrir nokkrar helstu stöðvar

Sjóveður

- Textaspár fyrir miðin og djúpin

Flugveður

- METAR
- TAF
- SIGMET
- PIREP

Jarðskjálftar

- Listi nýrra jarðskjálfta sem ná ákveðinni stærð

Snjóflóð

- Viðbúnaður sem er í virkni

Óson, UV-geislun og mengun

- UV-spá næstu daga

Í síðari áföngum verða þessar RSS-veitur nánar hannaðar, þ.á.m. hvað er í channel-title, channel-description, item-title, item-description, o.s.frv.

14. Forgangur í útfærslu

Vefurinn sem hér hefur verið lýst er metnaðarfullur og viðamikill vefur. Það er ljóst að nokkurn tíma mun taka að útfæra hann. Á honum er mikið um nýjungar sem mun taka almenning einhvern tíma að venjast.

Ráðlegt er að opna aðgang inn á hluta hans smám saman á meðan hann er ennþá í smíðum. Mikilvægt er að mjög skýrt komi fram að um er ræða tilrauna-birtingu og að villur geti verið í honum. Ennfremur er mikilvægt að biðja fólk um að senda inn villumeldingar þegar það rekst á hnökra. Mögulegt væri að opna aðgang á einstaka hluta fyrir afmarkaða hópa fyrst og síðan allan almenning. Með því að opna hluta hans smám saman verður hann betur prófaður og öruggari þegar hann verður formlega opnaður með viðhöfn.

Dýnamísku síðurnar er sá hluti vefsins sem er flóknastur í hönnun og útfærslu. Hér er tillaga að forgangi í útfærslu á dýnamískum síðum. 1 er mesti forgangur og 5 minnstur.

Forgangur 1 (mestur forgangur)

- Forsíða að undanskilinni UV-spá
- Veðurspáarkort, textaspá, myndspár
- Sjóveður – textaefni
- Flugveður – textaefni, METAR, TAF, o.s.frv.
- Veðurathugunarkort
- Jarðskjálftakort
- Viðbúnaður ofanflóða
- Öll skráningarform

Forgangur 2

- Flugveður – fyrir utan textaefni, veðurradar og veðurmyndavélar
- Sjóveður – fyrir utan textaefni
- Veðurspárit
- Veðurtungl

Forgangur 3

- Lófatölvusíður – allt
- Jarðskjálftalisti
- Veðurradar
- Veðurmyndavélar

Forgangur 4

- Ofanflóð annað en viðbúnaður
- Hafis – allt
- Veðurstöðvar
- Veðurfar – allt

Forgangur 5

- Enskar síður
- RSS-veitur
- UV-spá
- Önnur veðurkort og töflur – allt

Forgangurinn verður endurmetinn í innleiðingaráfanga. Ef einhver atriði í lægri forgangi, t.d. ákveðin veðurfarskort, taka mjög lítinn tíma í innleiðingu verður ekki beðið með þau að óþörfu.

Viðauki 1. Helstu niðurstöður viðhorfskönnunar

Könnun á notkun vefsíðna VÍ fór fram í ágúst mánuði 2005

Guðrún Pálsdóttir tók saman helstu niðurstöður:

Fjöldi, kyn og aldur

Þátttakendur: 1457, 1183 luku könnun

Kyn: Konur voru 24% (Q20)

Aldur: (Q30)

<24 ára 103, eða 7,6%

25-34 ára 22,4%

35-44 ára voru 27,7%

45-54 ára voru 25,5%

55-64 ára voru 13,6%

> 65 ára voru 3,1%

Aðeins átta þátttakendur voru yngri en 15 ára.

Aðgengi: (Q40)

Aðeins tæp 3% þátttakenda voru með mótald. Yfir 90% höfðu mikla bandbreidd.

Tíðni heimsóknna (Q50)

78,6% þátttakenda skoðar vef VÍ daglega eða nokkrum sinnum á viku.

Daglegar heimsóknir eftir aldri:

15-34 ára - um og innan við 30%

35-44 ára – 34%

45-54 ára – um 50%.

55-64 ára – 45%

>65 ára– rúm 60%

Daglegar heimsóknir eða nokkrum sinnum á viku eftir aldri:

15-24 ára - yfir 60%

25-34 ára - um 70%

35-64 ára - um eða yfir 80%

>65 ára – tæp 88%

Þátttakendur skoðuðu vefsíður Veðurstofunnar oft og þeim mun oftar eftir því sem þeir voru eldri.

Tíðni heimsóknna eftir störfum - daglega eða nokkrum sinnum á viku:

Aðeins 203 tilgreindu starfssvið sitt

Flugmenn – 100%

Bændur – um 95%

Ferðaþjónustufólk – um 95%

Sjómenn – tæp 90%

Hvers vegna skoðar fólk vefinn? (Q60)

Hægt var að haka við nokkra möguleika. Eftirtaldir voru vinsælastir

Ferðatengd: 857

Almenns eðlis: 673

Tómstundir: 784

Þeir 203 sem tilgreindu starfssvið sitt skoðuðu allir vef VÍ vegna vinnu sinnar en margir þeirra tilgreindu einnig aðra þætti, svo sem tómstundir og ferðir. Athuga ber að könnunin er gerð á einum mesta ferðatíma ársins.

Hvar annars staðar skoðar fólk veðurupplýsingar? (Q70)

Hægt var að haka við nokkra möguleika. Eftirtaldir voru vinsælastir

Ríkissjónvarp:	809 svarendur	-	68%	af þeim sem luku könnun
Morgunblaðið – mbl.is:	605	--	51%	- - -
Rás 1 / Rás 2	479	--	40%	- - -
Textavarpíð:	435	--	37%	- - -
Stöð 2	404	--	34%	- - -
www.theyr.net	158	--	13%	- - -
Annars staðar	134	--	11%	- - -
Aðrar útvarpsstöðvar	60	--	5%	- - -
Veðursíminn	53	--	5%	- - -
www.visir.is	47	--	4%	- - -

Vinsældir miðla eftir aldri þáttakenda:

25-65 ára Ríkissjónvarp vinsælast

15-24 ára mbl.is vinsælast

15-24 ára þáttakendur notuðu Rás1/Rás2 minnst. Vinsældir Rásar 1 /Rásar2 jukust með hækkandi aldri. Vinsældir Textavarpis og Stöðvar 2 voru álíka í öllum aldurshópum, þó aðeins meiri hjá yngra fólki.

Hvaða síður skoðaði fólk á veðurhluta vefsins? (Q18)

Veðurspár, veðurathuganir og veðurgögn var vinsælasta efnið.

Tæp 88% skoðuðu *veðurspána* oft (valmöguleikar: *oft, stundum, sjaldan, aldrei*).

Aldur eða starfsstétt skipti ekki máli.

Hafis- og snjóflóðasíður voru minnst skoðaðar. Sennilegt er að þær síður hefðu notið meiri vinsælda í vetur þegar hafis gerði vart við sig og allmörg snjóflóð urðu.

<i>Veðurfar og veðurgögn oft</i>		<i>Veðurathuganir og veðurstöðvar oft</i>
Heild	22%	46,2%
15-24 ára	23,2%	39,4%
25-34 ára	16,4%	37,3%
35-44 ára	16,3%	42,5%
45-54 ára	27,5%	52%
55-64 ára	30%	60,3%
>65 ára	48%	56%

Vinsældir þessara síðna eru mestar meðal elstu þátttakendanna en athyglisvert er að þær eru vinsælli meðal 15-24 ára en í aldurshópnum 25-34 ára. *Veðurfars-* og *veðurgagnasíðurnar* eru einnig meira notaðar af 15-24 ára hópnum en af 35-44 ára þáttakendum.

Hvaða veðurspár notar þú á www.vedur.is? (Q29)

Vinsælustu spárnar. Þeir sem skoðuðu þær oft. Heild og flokkun eftir aldri

	<i>Veðurspá næstu daga</i>	<i>Stutt landsspá</i>	<i>Spá fyrir allt land</i>	<i>Helgarveðrið</i>
Heild	81%	58,5%	54,5%	41,5%
15-24 ára	71%	50%	47%	41%
25-34 ára	77%	51%	48%	43%
35-44 ára	84%	61%	55%	38%
45-54 ára	85%	64%	60%	47%
55-64 ára	78%	65%	55%	37%
>65 ára	73%	50%	74%	26%

Myndspá, spákort og spárit komu næst og síðast *sjóspá* sem 757 skoðuðu, þar af 84% sjómanna oft (43 sjómenn tóku þátt í könnun VI).

Myndspá: 881 svarandi, < 50% skoðaði síðuna oft

Spákort: 877 svarendur, 39% oft

Spárit: 809 svarendur og 32% oft

Fólk á aldrinum 45-54 ára hafði mestan áhuga á veðurspánum.

Gæði vefsíðna VÍ

1162 svör	Mjög góð	Góð	Meðalgóð	Lök	Óviðunandi
Heild	21%	42,6%	24,1%	9,55%	2,5%
15-24 ára	6,7%	37%	28%	21%	6,7%
25-34 ára	12%	38%	32%	15%	3%
35-44 ára	20%	43%	26%	9%	2,1%
45-54 ára	25%	49%	20%	5%	1,7%
55-64 ára	33%	44%	16%	6%	1,2%
>65 ára	47%	32%	16%	5,3%	0%

Álit fólks á síðunum fór stigminnkandi með lækkandi aldri. Ætla má að yngra fólkið kjósi myndrænni spár í líkingu við þær sem birtast á mbl.is en þær spár voru vinsælastar í aldurshópnum 15-24 ára. Sá hópur hlustaði einnig minnst á veðurspár á Rás1/Rás2.

Finnur fólk upplýsingar á veðurhluta vefs VÍ? (Q450)

Veðurspá og veðurfréttir - Heild og aldurshópar sem nota síðurnar minnst og mest

	Oft	Stundum	Nota ekki
Heild	82,6%	15,06%	0,62%
15-24 ára %	63,5%	30%	
55-64 ára %	91,6%	7%	

Veðurfar og veðurgögn – Heild og aldurshópar sem nota síðurnar minnst og mest

	Oft	Stundum	Nota ekki
Heild	41,39%	27,79%	21,53%
15-24 ára	30%	29%	29%
45-54 ára	53%	25%	13%

Veðurathuganir og veðurstöðvar – Heild og aldurshópar sem nota síðurnar minnst og mest

	Oft	Stundum	Nota ekki
Heild	58,74%	25,54%	9,2%
15-24 ára	36%	34%	21%
55-64 ára	73%	17%	6%

Útgáfuefni: Tæp 70% af 766 svarendum leituðu ekki að slíku efni

Hafis: 68,6% af 777 svarendum leituðu ekki að slíku efni

Snjóflóð og hættumat: Rúm 69% af 768 svarendum leituðu ekki að slíku efni

Hvers saknar fólk á vef VÍ? (Q460)

Hægt var að haka við nokkra möguleika.

Veðurspá / veðurfréttir 812

Veðurathuganir og veðurstöðvar 500

Veðurfar og veðurgögn 448

Fáir höfðu áhuga á hafis (171), snjóflóðum (172) og útgáfu (154).

Það efni sem fólk vill sjá meira af

	Rauntímagögn	Almennt efni
Veðurspár/veðurfréttir	56,4%	35%
Veðurathuganir/ veðurstöðvar	59%	31,8%
Veðurfar og veðurgögn	48,88%	40,62%

Helmingur 24 ára og yngri (810 svör) saknar almenns efnis í veðurspám/-fréttum.

Yfir 60% 35-54 ára, sem er stærsti notendahópur síðnanna, saknar rauntímagagna.

Hvar annars staðar skoðar fólk jarðeðlisfræðiupplýsingar? (Q80)

380 svöruðu. Flestir vísuðu á Raunvísindastofnun HÍ og Orkustofnun.

Hvaða síður skoðar fólk á jarðeðlisfræðilegum hluta vefsins? (Q740)

	Fjöldi svarenda	Skoða oft	Skoða aldrei
Jarðskjálftar	1001	35,36%	23,38%

Eldgos	887	16%	31,57%
Fréttir	830	13,73%	37,59%
Órói	817	11,87%	51,41%

Vinsældir eftir aldri þátttakenda: *jarðskjálftar*

	<i>Skoða oft</i>	<i>Skoða aldrei</i>
15-24 ára	16%	59%
25-34 ára	23%	35%
35-44 ára	29%	23%
>45 ára	um 50%	

Vinsældir eftir aldri þátttakenda: *eldgos*

	<i>Skoða oft</i>	<i>Skoða aldrei</i>
15-24 ára	9%	58%
25-34 ára	10%	43%
35-44 ára	13%	32%
45-65 ára	21-26%	19-21%

GPS-, óson-, óróa- og þenslu- og bráðavár-síður skoðaði innan við helmingur svarenda. 37,59% svarenda skoðuðu aldrei fréttir. Eldra fólk var áhugasamara en yngstu aldurshópar.

Finnur fólk efni á jarðeðlisfræðilegum hluta vefsins? (Q750)

		<i>Fjöldi svarenda</i>	<i>Ofiast</i>	<i>Nota ekki</i>
Jarðskjálftar	934	59,1%	26,87%	
Eldgos	808	42,82%	37,38%	
Fréttir	733	28,65%	45,02%	
Órói	713	24,26%	57,22%	

Rúm 83% 65 ára og eldri finnur efni um *jarðskjálfta* en fundvísir minnkar með lægri aldri þátttakenda. Rúmlega fjórðungur 15-24 ára finnur efni um *jarðskjálfta* oftast og 43% 25-34 ára. Aðeins tæp 11% 15-24 ára töldu sig finna oftast efni um *eldgos* en fundvísir hækkaði eftir aldri fram að 65 ára. Annað efni notaði meirihluti svarenda ekki.

Hvaða upplýsinga saknar fólk á jarðeðlisfræðilegum hluta vefsins? (Q760)

	<i>Fjöldi svarenda</i>	<i>Almennt efni</i>	<i>Rauntímagögn</i>
Jarðskjálftar	330	44,85%	38,48%
Eldgos	288	43,06%	38,54%
Fréttir	192	43,23%	31,77%
Órói	159	35,22%	28,3%

Rétt er að taka hér fram að starfsfólki á eðlisfræðisviði er kunnugt um marga sem fylgjast reglulega með jarðskjálftum og nota forsiðu eðlisfræðisviðs sem upphafssíðu. Könnunin getur því hafa farið fram hjá þorra þessa hóps. Auk þess getur orðalag spurninganna hafa fælt einhverja frá (*jarðeðlisfræðilegur!*).

Hafissíður

Hvaða síður skoðar þú á veðurhluta vefsins? (Q18 – 810 svarendur)

<i>Oft</i>	<i>Stundum</i>	<i>Sjaldan</i>	<i>Aldrei</i>
14 (1,7%)	97 (12%)	278 (34,3%)	421 (52%)

Finnur þú uppl. á síðunum? (Q450 - 777 svarendur)

<i>Oft</i>	<i>Stundum</i>	<i>Sjaldan</i>	<i>Aldrei</i>	<i>Nota ekki</i>
111 (14,3%)	81 (10,4%)	40 (5%)	12 (1,5%)	533 (68,6%)

Hvaða upplýsinga saknar þú á síðunum? (Q460 – 171 svarandi)

<i>Almennt efni</i>	<i>Rauntímagögn</i>	<i>Annað</i>
53 (31%)	76 (44,4%)	42 (24,6%)

Snjóflóða- hættumatssíður

Hvaða síður skoðar þú á veðurhluta vefsins? (Q18 – 800 svarendur)

Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei
20 (2,5%)	79 (10%)	244 (30,5%)	457 (57%)

Finnur þú uppl. á síðunum? (Q450 - 768 svarendur)

Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Nota ekki
91(11,85%)	78 (10,2%)	50 (6,5%)	18 (2,3%)	531 (69,1%)

Hvaða upplýsinga saknar þú á síðunum? (Q460 – 172 svarendur)

Almennt efni	Rauntímagögn	Annað
57 (33%)	71 (41,3%)	44 (25,6%)

Útgáfusíður

Hvaða síður skoðar þú á veðurhluta vefsins? (Q18 – 809 svarendur)

Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei
12 (1,5%)	56 (6,9%)	269 (33,3%)	472 (58%)

Finnur þú uppl. á síðunum? (Q450 - 766 svarendur)

Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Nota ekki
63(8,2%)	89 (11,6%)	53 (6,9%)	25 (3,3%)	536 (70%)

Hvaða upplýsinga saknar þú á síðunum? (Q460 – 154 svarendur)

Almennt efni	Rauntímagögn	Annað
56 (36,4%)	32 (20,8%)	66 (42,9%)

Helstu niðurstöður og ályktanir

Ungt fólk notar vefinn lítið og konur einnig. Mikill meirihluti þátttakenda í könnuninni skoðaði vef VÍ daglega eða nokkrum sinnum á viku. Flestir skoðuðu veðurspár og var *veðurspá næstu daga* vinsælust. Innan við helmingur allra aldurshópa skoðaði *myndspána* oft.

Þátttakendur skoðuðu vefsíður VÍ mest í tengslum við ferðalög eða tómstundir. Á jarðeðlisfræðihluta vefs VÍ voru jarðskjálftar vinsælasta efnið. Helmingur 45 ára og eldri skoðaði þær síður oft. Innan við 7% aldurshópsins 15-24 ára þóttu síður VÍ mjög góðar en allt að helmingi elstu þátttakenda.
























Einfaldleiki vefsins var metinn en margir bentu þó á að þær miklu upplýsingar sem hann geymdi væru ekki augljósar við fyrstu yfirsýn.

Tillögur um hvernig bæta má vefinn

Um 200 ábendingar voru um bættu myndræna framsetningu. Þá vildu mjög margir sjá notendavænni / einfaldari vef og betra viðmót. Allmargar ábendingar voru um fleiri eða þéttari rauntímagögn og nákvæmari veðurspár, t.d. fyrir ferðamannastaði. Þó nokkrir báðu um betur skilgreindari spá fyrir morgundaginn. Kort með nöfnum veðurstöðva virtist ekki auðfundið og nokkur hópur vildi gjarna hafa á síðunni upplýsingar um sólrís, -setur, stöðu tungls, flóð og fjöru (sjá SMHI). Ábendingar um vefmynda- vélar voru einnig margar (sbr. Vegagerðin). Almennur fróðleikur um veðurfar og jarðskjálfta væri æskilegur. Margir bentu á síðu DMI, mbl.is, theyr.net og Vegagerðina sem dæmi um góðar síður. Þá var bent á að æskilegt væri að sleppa www úr slóð og að fólk geti gert einstakar síður vefsins að upphafs- síðum sínum.

22. sept. 2005 Guðrún Pálsdóttir

Viðauki 2. Skýringar á veðurtáknum

Kóði	Heiti	Merki	Kóði	Heiti	Merki
1	Heiðskírt		14	Skýstrokkur	
2	Léttskýjað		15	Moldrok	
3	Skýjað		16	Skafrenningur	
4	Alskýjað		17	Þoka eða hrímþoka	
5	Rigning, lítils háttar		18	Súld, lítils háttar	
6	Rigning, miðlungs eða mikil		19	Súld, miðlungs eða mikil	
7	Slydda, lítils háttar		20	Frostrigning/úði	
8	Slydda, miðlungs eða mikil		21	Hagl	
9	Snjókoma, lítils háttar		22	Þrumuveður, lítils háttar á síðustu klst eða í grennd	
10	Snjókoma, miðlungs eða mikil		23	Þrumuveður, miðlungs eða mikið	
11	Skúr (bjart á milli)				
12	Slydduél (bjart á milli)				
13	Snjóél (bjart á milli)				

Mynd 14-1 Útskýringar á veðurtáknum sem notuð eru í birtum athugunum og veðurspám. Í sjálfvirkum veðurspám eru einungis notuð tákn 1 til 13.